



VI. árgangur

WINNIPEG, 1910.

11. og 12. blað.

## VESTUR-ÍSLENDINGAR.

ANNAN ÁGÚST 1910.

Á vöku-lúður leikið er,  
Svo loksins má þó fylkja sér  
Og hlutast um hvor vinni vald:  
Kröpp vörn í sókn og undanhald!  
Svo fram eða aftur! eins og fyr,  
Fyrst engum tekst að standa kyr,

En afturför sá særi sver  
Sem segist vernda það sem er,  
Sem stimpast mót að stýfa ok—  
Alt stríðið hans er undan-þok,  
Og sá ber illan æfi-farm  
Af ósigrum á grafar-barm.

Í afturför er einnig sá  
Sem ekki kann við því að sjá:  
Að fært sé haft svo hnútur hvor  
Sé hábinding við næsta spor—  
Hver minkun setjist samþykkt á  
Sem sælur fót í hlekki þá.

Svo brýnist fram til bús og þings  
 Um bygðir Vestur-Íslendinga,  
 Að sækja fram og gera gagn:  
 Hvert geymt og aukið bæjar-magn!  
 Og sérhver þar í sveit hann kemst,  
 En sigurinn þeim sem hugar fremst!

Við eigum tungu, eigum ljóð,  
 Við eigum sæmd og heima-þjóð.  
 Og væri ei horskum heiðurs-snjalt  
 Að hafa stækkað þetta alt,  
 Og reisa yfir Íslensk bein,  
 Í álfum tveim, þann bautastein?

Því svo er að hugsa sína þjóð,  
 Að sé ei hennar tign of-góð  
 Hver aukin fremd og uppgangs-ráð,  
 Til alls 'ún hafi næga dáð—  
 En hindra þeirra mið og mörk,  
 Sem múginn smækka' og stela' 'ans kjark.

Svo legg til, drengur, arð og óð,  
 Að eignast sjálfur land og þjóð!  
 Unz sérhver fyrir brjósti ber  
 —Í bardaga sem háður er  
 Um landnám forn og ódul ung—:  
 Þann uppvaxandi skautkonung.

STEPHAN G. STEPHANSSON.



## MAGNÚS BRYNJÓLFSSON



Magnús Brynjólfsson málfærslumaður andaðist að heimili sínu í Cavalier North Dakota þann 16 júlí síðastliðinn. Hann var fæddur á Skeggjastöðum í Svartárdal í Húnavatnssýslu 28 maí 1866 og var því rúmlega 44 ára gamall er hann dó. Foreldrar hans voru Brynjólfur Brynjólfsson og Þórun Ólafsdóttir.

Þau hjón voru á meðal hinna fyrstu Íslendinga, er fluttu vestur um haf, 1874. Dvöldu þau fyrst nokkur ár í fylkinu Nova Scotia, en fluttust síðan vestur á bóginn, eins og aðrir Íslendingar, sem þar dvöldu, og settust að í North Dakota í Bandaríkjunum.

Tvítugur að aldri byrjaði Magnús heitinn að lesa lögfræði og tók próf í henni eftir 3 ár; var hann hinn fyrsti Íslendingur, er tók lögfræðispróf í Ameríku.

Magnúsi heitnum er svo lýst af þeim, sem þektu hann, að hann hafi verið dugnaðar maður mesti, kappsamur og áhugafullur um öll störf, er hann tók þátt í, stefnufastur alvörumaður, en þó glæðlyndur í sinn hóp, örlátur og mjög vinfastur. Vegna lundarlags síns og mannkosta varð hann sjálfkjörinn leiðtogi manna í félagsmálum, og báru menn ávalt bezta traust til hans sem leiðtoga.

Sem málafræðslumaður ávann hann sér hylli og traust. Í 8 ár samfleytt var hann lögsóknari fyrir Pembina County, var þrisvar endurkosinn í þá stöðu. Í málafræðislistörfum sínum var hann mjög vandvirkur og réttsýnn.

Þeim, sem þektu hann ber öllum saman um, að hann hafi verið drengur hinn bezti, að hann hafi haft flesta kosti íslensks lundarfars til að bera. Það mun liggja í ætt hans.

Mannskaði mikill hefir orðið við fráfall hans og söknuður sár vinum og vandamönnum. Þjóðflokkur vor hér sem heild má sakna hans, því hann var öruggur stuðningsmaður alls þess, sem hann trúði að væri honum til heilla. Sérstaklega munu þeir, sem starfað hafa hér að útbreiðslu trúarbragðalegs frjálshyðis minnst hans fyrir örlæti og stuðning með ráði og dáð.

## Upphaf og þroskun únítaratrúarinnar í kristnu kyrkjunni.

*Framh.*

Ný-Englands ríkin svo nefndu voru bygð af fólki, sem hafði yfirgefið England trúarskoðana sinna vegna. Kenningar og

síðir ríkiskyrkjunnar ensku voru því á ýmsan hátt óaðgengilegir, og þegar það kom þangað sem það sjálft réði lögum og lofum, setti það á stofn kyrkju með fyrirkomulagi samkvæmt sínum eigin vilja. Þessi Ný-Englands kyrkja var fyrst framan af mjög þröng og íhaldssöm, ekki aðeins hvað snerti trúarskoðanir—þær voru strang—kalvínskar—heldur einnig með tilliti til almennra réttinda og stjórnarfars. Atkvæðisrétt höfðu þeir einir, sem voru góðir og gildir kyrkjumeðlimir. Öll völd voru í höndum þeirra, sem atkvæðamestir voru í kyrkjumálunum og þá um leið vissir talsmenn þeirra sérstöku skoðana sem kyrkjan flutti. En í stofnun þessarar kyrkju var þó eitt, sem síðar hjálpaði til þess að nýjar skoðanir ruddu sér til rúms innan hennar, og það var, að hún hafði enga ritaða trúarjåtningu. Kyrkjan var stofnuð með sáttmála (Covenant) en ekki með trúarjåtningu. Trúarjåtningin var skilin í kenningunum, það var enginn vafi um hverju trúa ætti. En seinna þegar menn fóru að efast um það og bera brígdur á sumar kenningarnar, var trúarjåtningarleysið hjálp fyrir þá frjálslýndari, sem orsakaði það, að nýjar stefnur gátu grafið um sig og náð útbreiðslu á skömmum tíma.

Þess var heldur ekki langt að bíða að nýjar stefnur kæmu. Ný-Englands bygðin var brezk nýlenda, sem stóð í nánu sambandi við England. Áhrif gátu því borist þaðan mjög greiðlega. Að vísu var þeim veitt fylsta mótstaða allengi, en svo fór þó að það var ekki lengur hægt. Fleiri og fleiri raddir heyrðust á móti þeirri grimdaraðferð, að setja menn í gapastokk, gera þá útlæga og lífláta þá vegna skoðana sinna. Trúarbragðalegu áhrifin, sem bárust á 18 öldinni frá Englandi til Ameríku komu að mestu leyti frá frjálslýndum enskum rithöfundum, sem héldu fram umburðarlyndi og trúfrelsi. Í afleiðingum þessara áhrifa á hugsunarhátt vissra manna er upphaf únítarísku hreyfingarinnar að finna í Ameríku, þó enn liði nokkur tími þar til nafnið var notað. Trúarbragðalegt frjálslýndi var þá yfirleitt nefnt Arminíska og skoðað sem áframhald af Arminíusar stefnunni á Hollandi, sem getið hefir verið um. En aðal atriðið í þessu vaxandi frjálslýndi var það, að menn voru betur og betur að komast til meðvitundar um rétt einstaklingsins til að hafa sína eigin sannfæringu í trúar-

efnum og kröfðust þess réttar af kalvínsku kyrkjunní, sem alls ekki viðurkendi hann, þó með hægð og deilulaust að heita mátti fyrst um sinn.

Þeir sem voru andstæðir kalvínska rétttrúnaðinum lögðu mesta áherzlu á hið góða í mannum. Þetta var edlileg mótspyrna gegn kenningu Kalvíns um algerða spillingu mannsins og frelsun aðeins fyrir náð. En ekki hafði sú mótspyrna varað lengi þegar sumir fóru að efast um sannleiksgildi þrenningarkenningarinnar, eins og henni var haldið fram af kyrkjunní. Nokkrir fóru að láta þá skoðun í ljósi að Kristur væri ekki jafn guði. Hölluðust þeir þá helst að kenningu Aríusar frá 4 öld um mann-eðli og upphafningu Krists.

Um 1780 voru nokkrir prestar í Boston og grendinni komnir svo langt, að vera nefndir únítarar og dróu þeir engan dul á skoðanir sínar. Nokkru síðar um 1790 byrjaði hreyfing, er átti upptök sín á meðal hinna afturhóldsömustu guðfræðinga, og sem miðaði að því, að hreinsa kalvínstrúna af öllu, sem þeir álitu vera villukenningar. Þessi hreyfing varð til þess, að hinir frjálslyndari urðu að gera betur grein fyrir afstöðu sinni gagnavart hinum eldri kenningum en verið hafði, og þá fóru menn um leið að skiftast í flokka. Sú skifting leiddi til þess, að únítaríska kyrkjan varð til sem sérstakur trúflokkur skömmu síðar.

Árið 1805 var Henry Ware, einn hinna frjálslyndari guðfræðinga í Boston gerður að guðfræðiskennara við Harvard skólann. Hinir íhaldsamari mótmæltu og kváðu það gagnstætt þeim tilgangi, er guðfræðiskennara embættið hefði verið stofnað í. Mótmæli þeirra höfðu samt sem áður engin áhrif á vilja þeirra, sem stjórnðu skólanum, enda hafði skólinn í heild sinni hneigst að hinni frjálslyndari stefnu um langan tíma. Þessi atburður varð til þess að koma af stað langri ritdeilu, sem flýtti fyrir aðskilnaði flokkana. Einn hinna frjálslyndari guðfræðinga, John Sherman gaf út rit, sem hann nefndi "Einn guð aðeins í einni persónu". Rit þetta var hin fyrstu opinber mótmæli gegn þrenningarkenningunni í Ameríku og það hafði mjög mikla þýðingu fyrir frjálslyndari hliðina.

Eftir því sem frjálslyndi flokkurinn varð ákveðnari í afstöðu

sinni mætti hann meiri mótspyrnu. Sá siður hafði lengi verið við lýði, að prestar prédikuðu hver fyrir annan við og við. Nú hættu hinir íhaldssömu að sýna þeim frjálsslyndu þessa vinsemd og kurteisi. Einn hinna stækustu afturhaldsmanna Jedidia Morse ritaði bók um amerísku únítarana. Bar hann þeim á brýn óhreisniskilni og reyndi að sýna fram á, að þeir hefðu sömu skoðanir og ensku únítararnir, sem þá voru orðnir viðskila við ensku kyrkjuna. Það vildu hinir frjálsslyndu ekki viðurkenna, vegna þess að únítaratrúin á Englandi var af mörgum skoðuð hið sama og efnishyggja Priestleys. En ásökunin um óhreisniskilni varð til þess að sumir vildu fara að segja skilið við orþódox-kongregazional kyrkjuna og mynda nýjan sérstæðan flokk.

William E. Channing, sem frá 1803 var prestur við eina kyrkjuna í Boston, var einn af leiðtogum frjálsslynda flokksins. Hann vildi ekki taka upp nafnið únítari fyr en það var óhjákvæmilegt. Hann áleit að best væri að hafa ekkert sérstakt nafn, er benti á að hinir frjálsslyndu væru trúflokkur út af fyrir sig. Hann vildi láta stefnuna þekkjast undir nafninu almennur kristindómur (Catholic Christianity). Stefna Channings var einnig stefna flestra hinna frjálsslyndari manna. Þeir lögðu yfirleitt meiri áherzlu á afleiðingar trúarskoðananna fyrir siðferðislífið en kenningarnar sjálfar. Þar af leiðandi létu þeir sig öll umbótamál miklu skifta, en voru ófúsir eiga að í deilum við þá, sem voru annara skoðana en þeir sjálfir.

Árið 1820 mynduðu hinir frjálsslyndari prestar í Boston samband sín á milli sem var nefnt "The Berry Street Conference". Tilgangurinn var þó enn ekki sá, að draga sig út úr orþódoxu kyrkjunni. En það kom betur og betur í ljós eftir því sem tímar liðu, að aðskilnaður var óhjákvæmilegur. Fimm árum síðar 1825 var loks Ameríska Únítarafélagið (American Unitarian Association) stofnað, þó sumum hinna frjálsslyndu leiðtoga, þar á meðal Channing væri ennþá óljúft að stofna nýjan trúflokk. Reynzlan sýndi samt að ekki var of snemma af stað farið, því 125 söfnuðir í Massachusetts og grendinni viðurkendu á skömmum tíma, að þeir væru únítarískir söfnuðir og stefnu hinna únítarísku leiðtoga hlyntir.

Fyrst framan af gekk allerfiðlega að fá alla til að taka þátt í nokkurri starfsemi, sem miðaði til flokksefingar. Channing sjálfur færðist undan að vera forseti únítarafélagsins. En margir hinna yngri manna voru ótrauðir starfsmenn, sem voru reiðubúnir að leggja alla sína krafta fram til þess að hin nýja hreyfing yrði að ákveðinni stefnu í andlegu lífi þjóðarinnar. Þeir veittu félaginu forstöðu, ferðudust til þess að útbreiða únítarískar trúarskoðanir, stofnuðu nýjar kyrkjur víðsvegar og gáfu út bæklinga og bækur. Mjög miklu var afkastað eftir að félagið var komið á fót fyrir fult og alt. Ekki aðeins í eystri ríkjunum, heldur einnig vestur á bóginn, í Miðríkjunum, sem nú eru nefnd náði hreyfingin fljótri útbreiðslu í hinum stærri bæjum; og fyrir 1850 hafði hún náð til Kaliforníu.

Langflestir þeirra manna, sem stofnuðu únítarakyrkjuna trúðu eindregið á yfirnáttúrulegan uppruna kristindómsins og álitu kraftaverkasögur biblíunnar sem lýsingar sannsögulegra viðburða, er sönnuðu hið yfirnáttúrlega eðli kristnu trúarinnar. Þeir höfðu þá skoðun á Kristi, að hann hefði verið annars eðlis en aðrir menn, en þó ekki guði jafn. Þeir höfðu að vísu mótmælt hinni orþódoxu þrenningarkenningu, sem ríkti í kyrkjunni, er þeir höfðu skilið við, en þeir höfðu aldrei skoðað Krist sem mann, eða kristindóminn sem samskonar eðlis og trúarbrýð heimsins yfirleitt. Eðlilega gat þessi afstaða ekki haldist lengi sem ástand flokksins.

Raddir fóru að heyrast, sem neituðu öllu yfirnáttúrlegu í sambandi við kristindóminn og álitu að trú á Krist og tilbeiðsla hans væri ekki samrýmanleg við únítarískt frjálslyndi. Um alllangan tíma bar lítið á þessum röddum; enda tók fyrir alla framför og mestalla trúboðsstarfsemi únítarafélagsins meðan á þrælstríðinu stóð.

Árið 1865 var fundur haldinn í New York til að stofna allsherjar únítarískt félag fyrir öll Bandaríkin og varð það til þess að, "The National Conference" var stofnaður. Á þessum fundi var mikið rætt um trúarskoðanir únítara. Nokkrir voru eindregið með því að trúarjátning væri viðtekin, en meiri hlutinn, bæði þeir sem mestu vildu hafna af hinum eldri kenningum og nokkrir,



sem voru íhaldssamari, voru því andstæðir. Ennfremur vildu aðrir láta félagsskapinn vera svo víðtækan, að allir, er á einhvern hátt gætu skoðast frjálslyndir kristnir menn gætu tilheyrt honum, og vildu þeir helst sleppa nafninu únitari. Þeir voru samt sem áður fleiri, sem vildu halda því og vildu stofna félagsskap á únitárisískum grundvelli. Loks voru nokkrir, sem vildu algerlega hafna öllu sem benti á, að únitárarar tryðu á Krist, eða skoðuðu kraftaverk og yfirnáttúrlega frelsun frá synd sem nauðsynleg atriði fyrir trú sína. Þetta mætti ákafri mótspyrnu, og meiri hlutinn lét ótvídrægt í ljósi, að hann tryði á Jesúm Krist, sendan af guði, til að kunngjöra mönnum hina einu sömu trú. Þar afleiðandi varð ekkert af samkomulagi á fundinum hvað trúarskoðanir snerti, og hvor hliðin hélt sínum málstað fram af allmiklu kappi þar til á næsta allsherjar fundi sem haldinn var í Syracuse N. Y. hálfu öðru ári síðar. Á þeim fundi reyndu þeir, sem í minni hluta höfðu verið á New York fundinum, að fá sínar skoðanir viðteknar, en það tókst ekki. Tóku þeir sig þá til strax eftir fundinn og stofnuðu nýtt félag, er þeir nefndu "Free Religious Association". Hinum íhaldssamari únitörum fanst fátt um ákafa þeirra, er fyrir þessari félagsmyudun gengust og lá við sjálfst að flokkarnir skiftust fyrir fult og alt. Þó varð ekkert af því, en málið var rætt á mörgum fleiri fundum án þess að menn kæmust að nokkurri sameiginlegri niðurstöðu. Skoðanamunurinn hélt því áfram og var aldrei útkljáður, en um 1880 voru þeir orðnir svo margir er fylgdu skoðunum minnihlutans frá 65 að heita mátti að þær yrðu ofan á, og hafi síðan verið það með þeim breytingum, er tíminn eðlilega hefir á skoðanir allra frjálslyndra manna. Deilan hvarf þá skömmu síðar úr sögunni og einnig allar tilraunir til að takmarka skoðanafrelsi á nokkurn hátt innan únitárárkirkjunnar í Ameríku.

Þetta tímabil frá 1865—80 var framfaratímabil, þó ekki væru allir á eitt sáttir. Ameríska Únitárafélagið margfaldaði starfsemi sína, og fjárframlög til útbreiðslu uxu mjög. Smærri félög voru stofnuð í því skyni að sameina söfnuði fyrir meiri og stöðugri samvinnu en verið hafði. Flest það sem einkennir fyrirkomulag amerísku únitára kirkjunnar komst á fastan grundvöll

á þessu tímabili og hefir haldist með svipuðu sniði síðan.

Í Ameríku eins og á Englandi, Ungverjalandi og hvar annarstaðar, sem únítartrúin hefir rutt sér til rúms, hefir hún aðallega verið fólgin í auknu andlegu víðsýni og frelsi til að láta mannlega skynsemi velja og hafna. Eðlilega hefir breytingin, sem hún hefir haft í för með sér oft verið hægfara, og únítarar sjálfir hafa oft verið íhaldsamir, en þeir hafa aldrei útilokað úr sínum flokki nokkurn þann mann, sem með alvöru hefir leitast við að finna hið rétta í trúmálum. Þeir hafa aldrei gert neina kenningu, trúarjátningu eða nokkuð annað að algildandi mælikvarða fyrir því, hverju hver og einn, er nefndi sig únítara, mætti trúa. Vegna þessa frjálsslyndis — og þetta er hið sanna frjálsslyndi — hefir únítartrúin getað stöðugt tekið eðlilegum breytingum og framförum, hindrunarlaust þegar tíminn hefir verið búinn að sannfæra hreinskilna og sannleikselskandi menn um að hið nýja, sem við hefir bæzt, hefði varanlegt gildi. Af þessu leiðir, að hver únítari getur nefnt menn eins og Martineau, Channing, Sósínus, Jesús og ótal fleiri leiðtoga sína án þess að skoða sig á nokkurn hátt skuldbundinn til að viðtaka alt sem þeir kendu sem óbyggjandi sannleik. Þetta frjálsslyndi, sem er hverjum fjársjóði dýrara, vilja únítarar vernda og gera að eigu sem flestra að unt er. Margar trúarskoðanir manna eru skammlífar og breytast skjótt, aðrar vara í gegnum margar aldir og kynslóðir, þó ekki ávalt í sömu mynd. Hin únítaríska stefna er, að prófa alt og trúa því sanna — engu öðru þarf að trúu — og þegar sannleikurinn vex, þá að taka því með fögnuði sem merki um framför og þroskun mannsins.



## Kanada.

ANNAN ÁGÚST 1910.

Þá aðrar þjóðir ákaft deila,—  
um elzta sögu, fegurst mál,  
um jarðeign sína, hálfu og heila,  
um hreysti, kyrkjur, blý og stál,—  
þú býður friðinn, fóstura unga,  
og faðminn breiðir móti þeim,  
sem vilja létta lífsins þunga  
og lúnir flýja Austur-heim.


Og hvað sem þeim til hugar rennur,  
er hrekst frá sinni æskulaut,  
og hve sem þeim í hjarta brennur,  
er hatar þann sem flytur braut;  
þá er það víst að frelsi og friður  
þann fanga, er mannlegt hjarta á :  
Að heita eigin heilla smiður  
er huggun gamals, unglings þrá.

Hið fyrsta spor, sem fram er gengið  
á friðarvegi, á gæfuleið,  
það vinnst við andlegt frelsi fengið  
og fetist það er brautin greið;—  
og þú varst, fóstura, aflið eina,  
sem okkur hugsjón vaktir hjá,  
því ótta-stýrur myrkra og meina  
Þín móðurhönd oss strauk af brá.

En þó að vér á þessum degi  
í þögn vorn lofstýr flytjum þér  
vér minnumst þess vér erum eigi  
þeir einu, sem þú fyrir sér,  
því þín er móður mundin sama  
jafn mjúk við allan hópinn sinn.  
Mót niðjum Freys og börnum Brahma  
þú breiðir eins út faðminn þínu.

Og hún er ekki í orðum einum  
vor ósk: að mega starf vort ljá  
um langan tíma, að lyfta steinum,  
sem liggja þinni götu á.  
En hvernig sem að heill vor gengur  
vort hámark þessa dagsstund er,  
að hljóta nafnið: nýtur drengur,  
og nota það til dýrðar þér.

E. J. ÁRNASON.



## Úr ýmsum áttum.

---

Nú um nokkurn tíma hafa blöðin verið full af fréttum frá Spáni um deilu á milli stjórnarinnar þar og kaþólsku kyrkjunnar, sem lá við, að því er virðist, að mundi leiða til innanríkis ófriðar. Spánn hefir öldum saman verið sterkasta vígi kaþólsku kyrkjunnar, og sú var tíðin að stjórnendur Spánar gerðu páfanum alt til geðs og skoðuðu sig sem verndara kaþólsku trúarinnar. En nú er þetta alt orðið breytt. Stjórnin vill losast við öll afskipti kyrkjunnar af mentamálum og stjórnámálum og neitar að hlýða nokkrum fyrirsögnum frá Róm. Stjórnarformaðurinn Senor Canalejas sagði opinberlega fyrir skömmu síðan, að Vatíkanið hefði fyrir fult og alt tapað öllum sínum yfirráðum yfir andlegu lífi og mentamálum landsins, og að það hér eftir yrði að gera sig ánægt með að fylgja fyrirmælum ríkisins eða verða fyrir ónáð þess. Klaustur og kyrkjustofnanir verða að borga skatta, og alþýðuskóla hefir stjórnin í hyggju að stofna, sem séu algerlega hlutlausir um trúarbragðalega kenslu. Lítil furða er þó að kaþólska kyrkjan skoði svona afstöðu stjórnar í landi, þar sem hún öldum saman hefir í raun og veru verið æðsta vald, sem beina árás á sig. En auðsjánlega lítur spánska stjórnin svo á, að það sé nauðsynlegt fyrir framför þjóðarinnar að losast sem mest undan yfirráðum kyrkjunnar, og fer hún sannarlega ekki vilt í því.

Ástandið á Spáni virðist ennþá vera mjög óákveðið, en líklegt er að ekki verði mjög langt að biða aðskilnaðs ríkis og kyrkju þar.

---

Atvik, sem nýlega kom fyrir í Portúgal bendir á að þar séu menn ekki allskostar ánægðir með afskipti kyrkjunnar í ýmsum málum. Erkibiskupinn af Braga bannaði útkomu blaðs, sem gefið var út af Fransiskusar reglunni, án þess að leita samþykkis hlutaðeigandi yfirvalda. Stjórnin fann að þessu, og skrifari páf-

ans, Merry del Val kardínáli, blandaði sér inn í málið með því að setja sig upp á móti vali portúgísku stjórnarinnar á sendiherra til Vatikansins. Stjórnin lét í ljósi óánægju sína útaf afskiptum kardínálans með því að kunngera, að hún mundi engan sendiherra skipa. Síðan hafa klerkar í Portúgal byrjað að vinna á móti stjórninni, og er ekki ólíklegt að í framtíðinni verði einhver breyting á samkomulagi portúgísku stjórnarinnar og kaþólsku kyrkjunnar.

---

Á kyrkjupingi meþódistna í Kanada, sem haldið er í Victoria B. C. um þessar mundir hefir mikið verið rætt, hvað kenna megi með tilliti til guðfræði í skólum meþódistna kyrkjunnar. Eftir því sem blöðin segja frá, skiftast menn þar í þrjá flokka. Nokkrir halda fram að ekki megi víkja frá viðteknum kenningum, og að þeir kennarar, sem ekki geta fylgt þeim eigi að hætta að kenna í meþódistna skólum. Aðrir vilja láta taka nýja afstöðu og útskýra hinn "gamla sannleik", eins og þeir komast að orði, samkvæmt þekkingarástandi nútímans. Hinir þriðju vilja láta kennarana hafa alveg óbundnar hendur og kenna það sem þeir vita að er sannast og réttast. Afstaða þessa þriðja flokks er gleðilegur vottur um frjálslyndi og viðsýni innan meþódistna kyrkjunnar; en því miður virðist sá flokkur ekki mega sín mjög mikils ennþá. Efalaust verður það samt hans stefna, sem sigrar á endanum.

---

## Orðskviðirnir.

---

Eins og nærri má geta hefir herleiðingin til Babýlon haft afar mikil áhrif á alt þjóðlíf Gyðinga. Að vísu er alveg óvíst hvort þeir, sem herleiddir voru hafa komið allir heim aftur þegar Babýloníu ríki féll og tekið við stjórn allri á Gyðingalandi undir yfirráðum hinna nýju drotna sinna. Hitt er líkleggra að margir

hafi aldrei horfið heim aftur, og að þeir, sem komu hafi komið smám saman. En hvað sem því líður gat ekki hjá því farið, að útlendur hugsunarháttur og útlend þekking bærust inn í landið.

Þessi útlendu áhrif urðu eðlilega til þess að rýmka um hugsunarhátt manna á margan hátt, og þau fóru stöðugt vaxandi þar til á gríska tímabilinu, eftir að Alexander mikli lagði undir sig öll Austurlönd um 330 f. K., þá urðu þau svo mikil, að viss hluti þjóðarinnar reyndi á allan hátt að semja sig að grískum háttum, og þegar tímar liðu fram var þjóðerninu stórhætta búin af þessu.

Undir þessum útlendu áhrifum varð til ný tegund af bókmentum, áður óþekt á meðal Gyðinga, vizkubækurnar svo nefndu. Af ritum þeim, sem tilheyra þessari tegund bóka eru að minsta kosti tvö í gamla testamentinu. Orðskviðirnir og Prédikarinn. Nokkrir fræðimenn telja einnig Jobs bók og nokkra af Sálmunum til þeirra. Að efni og búningi til eru rit þessi all-ólík bæði spámannabókunum og lagaritunum. Höfundar þeirra hafa ekki trúarhita þann, sem einkennir spámennina, og þeir hafa heldur ekki mikinn áhuga fyrir þjóðlífinu og því sem því tilheyrir. Málefnið, sem þeir ræða um eru almennara eðlis en trúmál og þjóðarádeilur þær, sem fylla bækur spámannanna fyrir herleiðinguna; þau eru siðferðis— og heimspekislegs eðlis í almennum skilningi. Reglur fyrir daglegri breytni mynda meiri hlutann af siðferðiskenningum þessara höfunda, og þeir reyna að grundvalla alt siðferði á vizku. Þetta er heimspekisleg, skoðun, sem hvergi finst í hinum eldri ritum og sýnir berlega útlend áhrif á andlegt líf þjóðarinnar. Þegar Gyðingar fóru að kynna grískri þekkingu, þá vöknudu þeir til umhugsunar um hinar almennu ráðgátur mannlífsins. Þjóðar þröngsýnið, sem áður var mjög rótgróið hvarf smám saman hjá hinum vitrari mönnum. Þeir fóru að líta á mannlífið og heiminn frá líkum sjónarmiðum og heimspekingar annara þjóða, sem lengra voru komnar í menta- og menningarlegu tilliti höfðu gert, þó reyndar sú viðleitni þeirra

væri altaf mjög takmörkuð. Professor Toy við Harvard háskólann segir, að vizkubækurnar "megi kallast hebresk heimspeki fyrir daga Fílós".\*

Orðskviðirnir, sem kendir eru við Salómó er ein elsta bók-in af vizkubókunum. Bókin skiftist sjálfkrafa í nokkra parta, sem eru svo ólíkir, að það er mjög ólíklegt að þeir séu allir eftir sama höfund. Fyrsti parturinn 1—9 kap. er lof um spekina og siðferðislegar áminningar. Faðir er látinn tala við son sinn og áminna hann um að leita spekinnar og vanda breytni sína. Í 8 kap. er talað um spekina sem persónulega tilveru, er hafi verið til hjá guði frá upphafi heimsins. Næsti hlutinn 10—22, 16 kap. hefir stutt og kjarnyrt spakmæli um ýmislegt inni að halda. 22, 17—24. 22 er einnig spakmæli lík hinum fyrri, en öðru vísi fram sett. Síðustu tólf versin af 24 kap. eru heild út af fyrir sig. Næstu fimm kapitularnir 25—29 líkjast öðrum hlutanum 10—22, 16 hvað framsetningu spakmællanna snertir, og voru að líkindum upprunalega sérstakt rit. 30 kap. er nefndur orð Agúrs Jakesonar. Nafnið er með öllu óþekt. Þessum hluta er skift niður í smærri kafla, sem hver um sig hafa nokkur spakmæli inni að halda. 31 kap. 1—9 er nefndur orð Lemúels konungs, sem er einnig að öðru leyti óþekt persóna. Þessi vers eru áminningar, sem móðir konungsins gefur syni sínum. 10—13 versið af 31 kap. er endir bókarinnar, og það er lýsing af dygdugri konu, sem ekki stendur í neinu verulegu sambandi við aðra hluta bókarinnar. Þessir hlutar, sem bókin eðlilega skiftist í, hafa auðsjáanlega verið teknir saman af einhverjum, er vildi koma þeim öllum í eina heild; og er álit margra, að þessi útgefandi hafi sjálfur ritað fyrsta hlutann 1—9 kap. sem inngang til bókarinnar. Þessi skoðun er samt ekki viðtekin af öllum fræðimönnum, sem um bókina hafa ritað. Samt munu flestir álíta nú að hún sé samsafn af nokkrum ritum eða ritabrotum, sem í aðalatriðunum eru lík, en geta þó ekki hafa verið rituð öll af sama höfundinum.

\* Gyðingur í Alexandríu á Egyptalandi, sem var uppi samtímis Jesú og gerði sér mikið far um að reyna að sanna að sömu skodanir væri að finna í gamla testamentinu, og hjá grísku heimspekingunum.



Um aldur bókarinnar vita menn ekkert með vissu. Flest virðist benda á, að hún sé frá því seint á þriðju öld f. K. Að hún sé frá því fyrir herleiðinguna er nú ekki álit neinna annara en þeirra, sem vilja halda fast við öll munnumæli kyrkjunnar. Bókin var mjög snemma tengd við nafn Salómós, vegna þess að hann var álitinn að hafa verið sá vitrasti Ísraelskonungur, en í raun og veru er hún öllsömun til orðin hérumbil 700 árum eftir hans daga.

Hvað innihaldi bókarinnar viðvíkur er ekki hægt að segja, að hún flytji nokkrar rækilega úthugsaðar kenningar, heldur skynsamlegar og heilbrigðar áminningar, sem eru sagðar í vel völdum og stundun all-bitru n orðun. Að vísu er kaflinn um spekina tilraun til að gera grein fyrir á heimspekislegan hátt hvað spekin, hin hæsta vizka, sem mennirnir geti náð sé, og hvernig hún sé í heiminn komin; og hefir sá kaflí talsvert af skáldlegu háfleygi. Eftirtektarvert er hvernig heimskunni er lýst. Hún verður mönnumum alstaðar til ills, og heimskinginn er öllum hvímleður.

“Varir hinna vitru dreifa út þekkingu,  
en hjarta heimskingjanna er rangsnúið”.

“Þótt þú steyttir afgangann í mortéli  
með stauti innan um grjón,  
þá mundi fíflska hans ekki við hann skilja”.

Ekki er síður kjarnyrt það sem sagt er um letina og aðra ókosti mannana svo sem þrasgirn og sviksemi.

“Latur maður dýfir hendinni ofan í skálina,  
en honum verður þungt um  
að bera hana aftur upp að munninum”.

“Sífeldur þakleki í rigningartíð  
og þrasgjörn kona er hvað öðru líkt”.

Sætt er svikabrauðið, en eftir á  
fyllist munnurinn möl”.

Sú skoðun að alt ranglæti sé heimska, og að vitur maður geri ávalt það sem rétt er, er sett fram hvað eftir annað með mismunandi orðum og samlíkingum. Þessi skoðun var algeng í heimspeki Grikkja, og þaðan hafa höfundar bókarinnar að lík-

indum fengið hana. Þeir tengja hana við lögmálið, sem þeir eðlilega skoðuðu sem bindandi fyrir alla sanna Gyðinga. Lögmálið, sem er vilji Jahve verður þar af leiðandi í augum þeirra hin æðsta vízka og sá sem fylgir því breytir rétt.

## Framtíðarhorfur.

EFTIR E. P. POWELL

Þó vér værum færir um að sjá nokkur ár fram í tímann, þá notuðum vér hann máské ekkert betur. En þrátt fyrir það getum vér samt séð nokkuð fram í tímann; líðni tíminn kastar sterku ljósi á framtíðina. Þrátt fyrir staðhæfingu Mr. Froudes\* kennir sagan vitrum lesara all-mikið um það sem búast má við að verði.

Það, hvað viðburðirnir koma óvænt, en ekki viðburðirnir sjálfir, vekur undrun vora. Frelsissskrá Bandaríkjanna var aðeins framsetning vaxandi óska almennings. Hún var samþykkt af Norðurálfubjóðunum áður en greidd voru atkvæði um hana á þjóðfundinum. Afsetning soldánsins 1909 var eðlilegur viðburður í heimi, þar sem löndum er stjórnað samkvæmt stjórnarskrám; en hringiðan, sem gleypiti þorparann og alt, sem hann barðist fyrir gerði spámennina hissa.

Vandamálin miklu, sem fyrir oss liggja í Bandaríkjunum eru, að láta starf skólanna bera ávexti í iðnaðinum, að sameina starf kyrknanna og að verða sparsamir í opinberri starfsemi þjóðarinnar. Ameríska þjóðin skilur, að hún getur ekki lengur þolað þá eyðslu auðæfa og afls, sem hefir einkent síðustu hundrad árin,—hvort sem það orsakaðist af almennu hirðuleysi eða löghelguðum hlunninda veitingum. Billjón dollara kongressar venja þjóðina á eyðslusemi. Tollmálið er varla landstekjuspursmál nú, því aðalhætta þess er, að óbeinir tollar leiði af sér of miklar landstekjur, sem hvetja til eyðslusamrar löggjafar.

\*Enskur sagnaritari.

Taft forseti hefir alveg á réttu að standa er hann segir, að stjórnin verði að beita öllum kröftum til að minka útgjöldin. Það sem vér þurfum að uppgötva er, ekki fleiri vegir til að leggja á tolla, heldur færri vegir til að eyða þeim.

Skattar ættu, að svo miklu leyti sem mögulegt er, að vera tillag; þeim ætti ekki að vera náð óbeinlínis frá fólki, sem ekki vill borga þá, heldur að vera borgaðir með ánægju af hinum efnuðu hluthöfum ríkisins. Hvort tekjuskatturinn er stjórnarskránni samkvæmur þarf að rannsakast og ákveðast fyrir fult og alt. Það hefir aldrei verið til neinn skattur—eðli sínu samkvæmt getur aldrei verið til neinn réttur skattur—sem ekki hefir í för með sér, að grenslast sé eftir högum manna; og það hefir minsta eftirgrenslun í för með sér, sem er eytt til að kaupa daglegt viðurværi. Milljóna mæringur einn segir: “Eg mundi borga hlutfallslega meira en vinnufólkið mitt og ég er ásáttur með að gera það.” Að gera ráð fyrir að fólk sé lygarar, sem verður að koma til að borga opinberar kvaðir með óbeinlínis skattaálögum er rangt; og það sem verra er, myndar skaðleg lyndiseinkenni hjá þjóðinni.

Baráttan um að leggja skatta á auð en ekki fátækt er almennt. Brezka fjármálafrumvarpið leggur byrðina á óræktað land en ekki ræktað, á skemtigarða í stað matjurtagarða. Vanalegar skattaálögur á Bretlandi hafa verið beinir skattar á jörðum og húsum, á tekjum og örfum; fjármálafrumvarpið nýja leggur hálf “penny” á hvert sterlingspund í óræktuðu landi og tuttugu af hundraði á verðhækkun í fasteignasölu, sem ekki hefir verið unnið fyrir. Frjálslyndi flokkurinn kallar þetta að leggja byrðina á breiðasta bakið, en hinir íhaldsömu nefna það jafnaðarmensku. W. Churchill nefnir það tilraun til að eyða hinni hörðu baráttu á milli stétta, og flestir Ameríkumenn munu fallast á að það sé réttlæti.

Í þessu landi hefir oss verið haldið of lengi í stað í póstmála umbótum. Kongressmaðurinn getur sent heila járnbrautarvagna af ræðum burðargjaldslaust, en það kostar fjórum sinnum meira hér að senda fátækum manni jólagjöf en á Þýskalandi. Það er í raun og veru enginn tekjuhalli af póstmálunum og hann mundi meira en hverfa með jöfnu gjaldi á öllum póstflutningi.

Það er eyðslusemi vor, sem étur svo mjög um sig í þjóðlífinu og hindrar bæði framför og réttlæti. Tuttugu og fimm þúsund smálestir af póstflutningi ganga árlega í gegnum hendur póstþjónanna í Bandaríkjunum, án þess að eyrir sé borgaðir fyrir það, og þó höfum vér á móti því að ala konungsfjölskyldu.

Starf milljónamæringanna er bráðum á enda. Samdráttur auðs bygði miklar járnbrautir, ritsíma yfir Atlantshafið og raddsímakerfi; hann gerði meira—hann þroskaði framkvæmdarall, sem aldrei hafði þekst áður. Sameinaðir verzlunarkraftar tömdu heiminn og réðu fyrir oss fjárhagslega jafnt sem félagslega. Að þetta tímabil sé nú bráðum á enda virðist áreiðanlegt. Almennigurinn er að taka við stjórnartaumunum, milljónamæringurinn hefir engar fleiri veraldir til að sigra. Hann bilar að heilsu á bezta aldri, og börn hans erfa ekki hæfileika hans. Það er líklegt að það verði færri milljóræigendur árið 1930 en voru 1900. Bifreiðar nútímans tilheyra að mestu leyti mönnum í meðal efnunum og loftsiglingar eru í höndum ungra vísindamanna, og eru ekki líklegar til að verða að gróða-fyrirtækjum.

Stórkostleg aukning landsafurða heldur stöðugt áfram. Breytingin frá kvikfjárrækt til akuryrkju gaf fjórum eða fimm sinnum meiri hag af hverri ekru. Þetta hefir aftur verið fjórfaldað með því að minka hagabeit og auka ræktun smærri ávaxta og matjurta. Sömu afleiðingar hafa orðið af því, að plægja niður baunir og rækta aðrar baunir til gripafóðurs. Þar næst kom sú uppgötvun að rotnaðar jurtaleifar væru eins verðmætar og áburður, og að jurtagróðurinn væri jafn mikið kominn undir jafnvægi efnanna í jarðveginum sem gnægð þeirra efna, er geta breyzt í jurtatrefjar. Bændur upp og niður hafa nú betri skilning en svo að þeir þrenni eða öðruvísi eyðileggi nokkurn hlut, sem hægt er að breyta í rotmold. Árið 1930 munum vér hafa lært að tvöfalda ennþá einu sinni frjósemi akra vorra.

Flutningur verður að aukast jöfnum skrefum við framleiðslu. Vér getum verið vissir um, að verð á honum lækkar mikið. Það má næstum reiða sig á, að nátturan hefir vegi til að fullnægja hverri stórri, almennri þörf; og nú þegar járnbrautirnar

eru orðnar of flókið vandamál til þess að þær geti fullkomlega uppfyllt þarfir fólksins, virðist loftfarið vera í alla staði eðlileg framför. Vér hljótum ekki aðeins að hafa meiri fæðu til að flytja, heldur verðum að finna aðferð til að flytja hana þannig, að almenningi með vanalegu kaupum veitist ekki erfidara að veita sér hana. "Aftur til náttúrunnar" var fyrsta sporið í þessari miklu hreyfingu til jafnaðar og samvinnu.

Það er ómögulegt að sjá fyrirfram með vissu hvaða áhrif á lyndiseinkenni þjóðarinnar breytingin í framleiðslu fæðunnar muni hafa, en eitt verðum vér að athuga, nefnilega að verðhækkunin á korntegundum og ávöxtum í matvæla-framleiðslu Bandaríkjanna um síðastliðin 25 ár hefir verið í jurtafæðunni; nýjar tegundir og endurbættar hafa komið í ljós hvervetna. Árið 1930 verður breytingin orðin að reglulegri umbiltingu. Mr. Burbank á starfsbræður alstaðar, sem eru að breyta því sem er lítils virði í það sem er nytsamt. Vér höfum ennþá varla snert auðsuppsprettur vorar í þessa átt. En á meðan hefir kjötfæðan á borði almennings farið minkandi. Það er enginn vegur að auka kjötbirgðirnar fyrir almenning nema með ræktun alifugla og héra. Ameríska þjóðin verður bráðum að gera sig ónægða með ávexti og hnetur, egg, mjólk, hunang og korntegundir.

Að breyta alþýðumentun vorri meira í áttina til iðnaðar er spursmál samhlíða hinum. Það verður að kenna unglíngunum fullkomnari skilning á vísindalegri framleiðslu og hagfræði. Vér höfum að minsta kosti eitt hundrað milljón ekrur, sem verður að bæta við hið ræktaða land vort með vatnsveitingum. Öðru eins verður líklega bætt við án vatnsveitinga. Drögum frá tvær milljónir af ónýtanlegu þurlendi, og fimm hundruð milljónir fyrir skógrækt, og vér verðum að leggja undir ræktun fimm hundruð milljónir meira, til að geta uppfyllt þarfir vaxandi fólksfjölda; og skólarnir verða að vera undirstaða þessarar hreyfingar. Breytingin í áttina til þessarar tegundar af mentun hefir verið mjög hraðfara. Árið 1930 verður klassísk mentun víðtæk og óbundin, en hún tilheyrir þá mönnum, sem leggja sérstaka stund á hana. Þá mun sú aðferð, að láta pilta og

stúlkur velja sér námsgreinar, án leiðbeiningar verða horfin fyrir alvarlegri val-aðferð undir handleiðslu þeirra, sem bezta þekkingu hafa.

Um leið og vér ráðum fram úr vandamálum vorum erum vér sjálfir eitt vandamálið. Á meðan ameríska þjóðin hefir verið að byggja herskip til varnar á móti öllum öðrum þjóðum, hefir hið hreina ameríska kyn í raun og veru horfið og eyðilagst. Gömlu Ný-Englands ættirnar eru horfnar, og sömuleiðis hinn riddaralegi ættbálkur Suðurríkjanna. Þeim hefir verið bolað út óðöl þeirra hafa verið keypt, og þeir hafa horfið með kynblöndun. Fólkið, sem nú er að færa sig vestur yfir þvera álfuna er ekki fremur af hinum upprunalegu landnemum en það er af hinum upprunalegu villimannaflokkum, sem bygðu landið. Skilnaðaravarp Washingtons hefir mist alla meiningu; því þó vér ekki höfum blandað oss inn í málefni Norðurálfunnar hafa þau samt orðið vor eigin. Það er ekki einn einasti Ameríkumaður eftir, sem ekki hefir blóð þriggja eða fjöggra þjóða rennandi í æðum sínum, Árið 1930 munu flestir Ameríkumenn hafa í æðum sínum, ekki aðeins enskt, þýskt, skozkt og ungverskt blóð, heldur einnig talsvert af kínversku og japönsku. Um 1930 munum vér verða það sem kalla mætti óþjóðern'slegir. Málefni vor munu verða málefni heimsins. Takmörkin munu hverfa algerlega. Vér byrjuðum með því að boða öllum heiminum trú, en heimurinn hefir snúið við og boðað oss trú. Um 1872 lásúm vér ímyndaða lýsingu af Austurlandaprestum, sendum hingað til að snúa oss til Búddha og Konfúsíusar; það var háð þá, nú er það sannleikur. Heimseining er nú þegar ofurefli Kákasusmannflokksins. Vér verðum að vinna á víðtækari grundvelli; og vér verðum að vinna saman alt í kringum hnöttinn. Það verður að vera starf til að koma í veg fyrir hið illa og greiða götu þess góða, hvar og hvernig sem það byrjar.



## Hinn vandrataði vegur

(Ræða flutt í Únítarakerkjuni í Winnipeg)

Stell er sá maður, sem öðlast hefir speki, sá maður,  
sem hyggindi hlotnast — Orðskv. 3, 13.

Eitt af því elsta sem til er í hinu eldgamla kínverska keisara-riki er “Taó”—trúin svo nefnda. Orðið “taó” kvað þýða vegur, og samkvæmt hinum gömlu helgu bókum, sem hafa kenningar þessarar trúar að geyma, er vegurinn *náttúran* með sinni endalausni viðburðarás. “Taó”— trúin er samkvæmt þessum sömu bókum réttur skilningur á náttúrunni, *veginum* og sambandi mannlífsins við hann.

Það hefir tiltölulega litla þýðingu fyrir oss, hvernig Kínverjar til forna hugsuðu sér þennan veg; hugmyndir þeirra um hann eru nú eðlilega orðnar gamlar og úreltar. En er það ekki ein-kennilegt og eftirtektarvert, að þeir skyldu nota orðið *vegur* til að tákna aðal innihald trúar sinnar?

Hugsunin, sem vafalaust liggur þar til grundvallar er hugsun, sem í raun og veru er mjög almenn í allri trú og öllum lífsskoðunum; hún er sú, að í mannlífinu og tilverunni sem heild eigi einhver tilgangur sér stað. Skoðanirnar um það, hver tilgangurinn sé hafa altaf verið margar og mismunandi, eins og allir vita, en þrátt fyrir það má finna í þeim flestum viðleitni til að útskýra lífið og tilveruna sem samsafn viðburða og staðreynda er hafi tilgang í sér fólgin og stefni að einhverju markmiði.

Látum oss nú takmarka samlíkingu þessa við einstaklingslífið og virða það fyrir oss í því ljósi, sem hún bregður yfir það.

Fyrsta villan, sem vér umfram alt ættum að forðast er, að það sé mögulegt að ákveða fyrirfram hvað ætti að vera lífstilgangur hvers manns. Það er hægt að hugsa sér takmark, sem mannlífið alt í einni heild ætti að stefna að, og menn eru altaf að hugsa sér þess konar takmörk og reyna að sannfæra aðra um að þau séu rétt, en þegar til einstaklingslífsins kemur verður alt slíkt ómögulegt vegna mismunandi upplags og kringumstæðna.

Lífsvegurinn liggur þess vegna aldrei beinn framundan frá upphafi til enda, heldur sést fyrst um leið og hann er farinn, líkt og kjölfarið afturundan skipinu, sem sýnir hvar það hefir siglt. Maðurinn ber lífstilgang sinn í sjálfum sér, hann verður ekki skilinn frá honum, þess vegna er hann ekki eitthvað framundan, sem hægt sé að benda á, heldur eitthvað, er nefna mætti innri meðvitund, sem ætti að verða gleggri og skýrari með hverju sporinu, sem áfram er stigið. En til hvers er þá að líkja lífi mannsins við veg, ef það í raun og veru verður aðeins borið saman við braut, sem hver maður myndar sér sjálfur? Má þá ekki með jafn miklum sannni nefna það vegleysu og kannast við, að það verði að vera algerlega undir atvikum komið hvert það stefnir? Í fljótu bragði má virðast að svo sé, en aðeins í fljótu bragði. Sé það rétt, að hver maður beri sinn lífstilgang í sjálfum sér, þá er hann fyrir manninn svipað því sem áttavitinn er fyrir skipið. Áttavitinn er óskeikull, vegna þess að segulskaut jarðarinnar draga skaut hans ófrávikjanlega til sín, nema þegar hann er í nánd við staði, þar sem annar segull getur valdið því, sem nefnt er skekkja áttavitans. Þegar svo ber undir verður stýrimaðurinn að vita hvað mikil skekkjan er, ef hann á að geta siglt í rétta átt. Lífstilgangurinn, sem maðurinn ber í sér er óskeikull, þegar hann veit nógu mikið til að geta forðast alt, sem getur vilt hann frá réttri stefnu. Það eru hinar röngn stefnur, sem svo auðvelt er að taka, en svo erfitt að breyta um; hættur þeirra þurfa menn stöðugt að athuga og vita vel um; takist það, þá þekkest *vegurinn*, þá er haldið í rétta átt.

Lifinu er alstaðarsvo farið að menn yfirleitt verða að stunda einhverja ákveðna atvinnu til að geta lifað. Það er lítil hætta á, að sá sannleikur gleynist hér, þar sem kringumstæðurnar eru þannig lagaðar, að tiltölulega mjög fáir geta verið svo, að stunda ekki eitthvert ákveðið starf. En það er hægt að verða starfinu of samvaxinn, þó undarlegt megi virðast; og margt fólk verður vinnu sinni alt of samgróid. Þegar t. d. smiðurinn talar altaf um smíðar sínar og kaupmaðurinn um varninginn, sem hann verzlur með, þegar þeir taka ekki neðin þátt í, og stendur á sama um alt nema atvinnu sína, þá eru þeir ekki lengur menn eins og



þeir ættu að vera; þeir eru bara smiður og kaupmaður. Það má vel vera að þeir séu það að upplagi; hagleiksnáttúra annars og hagsmunaleg hyggindi hins hafa máské knúð þá inn í þessar stöður. En þeir eru meira en þetta að upplagi, þeir, eins og aðrir, hafa upplag til að vera menn með margháttaðri hluttöku í mannlífinu umhverfis þá. Einhliða rækt við eina hlið upplags síns hefir gert þá þröngsýna jafnvel blinda fyrir öllu öðru. Hún hefir svo að segja myndað utan um þá skel, sem þeir sjálfir ekki komast út úr og sem varnar öðrum frá að þekkja manninn sjálfan.

Vér þurfum ekki lengi að leita til að finna fólk með þessari atvinnu-skel; það er alstaðar, og það er dauðans-leiðinlegt fólk. Að vísu er mörgum, þegar allar kringumstæður eru teknar til greina, vorkunn, því það er ekki eingöngu þeim sjálfum að kenna, að skelin hefir myndast utan um þá. En ástand þeirra er jafn óæskilegt eigi að síður. Raunalegast af öllu er þó, að sjá unglinga í þessu ástandi. Eg á ekki við, að það sé raunalegt að unglingarnir venjist snemma á að vinna og sjá fyrir sér sjálfir, það er oft og einnig þeim sjálfum bezt. En það er raunalegt að nokkuri vinnu, hversu mikil sem þörfin er, skuli vera leyft að leggja svo undir sig líkama og sál unglingsins, að það komi í veg fyrir eðlilegan þroska. Hver sá maður eða kona, sem í þetta ástand kemst, hefir tekið ranga stefnu. Og það er mjög hætt við að menn taki þessa stefnu, án þess að veita því nokkra eftirtekt sjálfir. Það er aðeins eitt ráð til að koma í veg fyrir það, og það er, að hugsa um fleira en atvinnuna, taka þátt í fleiru og skapa sér víðtækari sjóndeildarhring.

Menn hafa jafnan smyndað sér, að hvergi væri jafn auðvelt að taka ranga stefnu og villast út af hinum rétta vegi og í sambandi við skemtanir og lífsgleði. Það sem kann að vera satt í þessu er sprottið af algerðum misskilningi á því hvað skemtanir ættu að vera, og þar af leiðardi af misbrúkun þeirra.

Enginn maður getur stöðugt gefið sig við hinu sama án þess að þreytast og finna til löngunar til að breyta um. Líkami vor krefst þess ósjálfrátt, að hafa allar þær hreyfingar, sem eru honum eðlilegar. Alveg eins er oss ómögulegt að vera í sama hug-

aristulinn til þess. Gleði er þess vegna hvíld frá áhyggjum og alvöru. Sé hún það ekki þá er hún óvillleg og óvillbrigð. Hvenær vér erum áhyggjufall og hvenær gleð, hvenær alvarlega hugsandi og hvenær léttlynd getum vér ekki ráðið nema að vissu leyti; það er un-lir ótal mörgum ytri atvikum komið. Geðs- hveitingar efu eins trúðlegu og ótrú á vitni, þegar vindur blas yfir það. En skemtanir eru hafðar um hönd til að hjálpa mönnum til að varpa af sér áhyggjum og alvöru við og við, og koma þannig breytingu á hugarástand sitt, sem alt heilbrigt fólk finnur að það getur ekki án verið. Þegar skemtanir eru notaðar í þessum tilgangi, þá er langt frá því að þær leiði út á villu götur, en þegar þær bera alla alvöru ofurlíði, þegar þær eru gerðar að því eina, sem eftir er sókst, þá villa þær og gleppja; því hver sá maður, sem gerir það að lífsstarfi sínu, að skemta sér, ham mis- skilur lífið og sjálfan sig.

Vér þurfum ekki að fordást skemtanir og gleði í sjálfu sér; vér getum ekki án hennar verið í einhverri mynd; en vér þurfum að fordást allar skemtanir, sem ekki veita hressandi og endur- nærandi gleði. Ef skemtanir eru orðnar að nautnum, sem lama þrótt vörn, sýkja hugsunarháttinn eða veikja sjálfsvirðinguna, þá verðum vér að fordást þær.

Hatta sú, sem getur stafað af misbrúkun skemtana sr sjálf- sagt víða miklu meiri en hér á meðal vor. Samt ættu allir að geta séð, að vér miskrúkum þær á einn hátt. Vér höfum reynt að gera þær að fjáruppsprettu fyrir félagsskap og ýms þarfleg fyrirtæki, en með því höfum vér gert þær óuppbyggilegar og að leidnilegri skyldu fyrir marga. Náttúrlega eru orsakirnar til þess hverjum manni augsynilegar, en afleiðingarnar, þegar þær eru skadlegar, verður að varast, hverjar sem orsakirnar eru,

Það er vafasamt hvort nokkur hlutur villir menn eins mikið út af þeirri braut, sem þeir ættu að ganga og þeirra eigið fram- kvæmdarleysi. Það er til fjölda margt fólk, og vér þekkjum öll eitthvað af því, sem aldrei beitir kröftum sínum til fulls af ein- tómu dugleysi. Það er mjög algengt að sjá ungt fólk með fullum kröftum, bæði líkamlegum og andlegum, í standandi vandfæðum með tímann, sem það hefir afgang frá vinnu sinnu. Ef það eyðir

einhverju af honum í einhverjum félagsskap, þá er það af því að það dregst inn í hann ósjálfrátt með einhverjum öðrum, ef það annaðhvort les eða stundar einhverja þrótt eða list í tónstundun sínum, þá er það bara til að eyða tímanum. Það hefir engan tilgang, ekkert markmið fyrir augum, til að keppa að. Þetta dugleysi smá drepur hæfileikana og gerir menn sljóva og skeytlingarlausá, jafnvel um það sem þeir þurfa nauðsynlega að vinna. Það taki of langan tíma að telja upp allar þær myndir, sem þetta dugleysi birtist í, en allir þekkja t. d. félagslíf, þar sem tveir eða þrjár ráða ölla og gera allt, en flestir setja geyspandi með hendur í vösum og láta sig litlu skifta hvað fram fer. Og allir hafa séð menn og konur ráfandi á torgum og gatnamótum, horfandi hugsunarlaust út í bláinn, eða breiðandi út hégómlegt umtal um efni, sem eru gleymd næsta dag.

Alt þetta sinnuleysi og dáðleysi til að hafast eitthvað gagnlegt að, er villubraut, sem auðvelt er að villast út á, ef menn ekki geta stöðugt að sér. Það eru til ótal mörg ráð við því, ráð, sem geta átt við alla. Alt það sem menn geta gert til að menta sig á einhvern hátt og leiða hæfileika sína í ljós, er ráð við því. Hversu óandaulega mikla meira virði er ekki lestur einnar góðrar bókar, eða ælingin í að leika lag á hljóðfari, heldur en margt af því sem gert er sér til afþreyingar af fólki, sem gæti varið öllum sínum tíma vel.

Það mætti halda áfram að benda á margt fleira, sem getur orðið að glapastigum, getur leit menn algerlega af þeim vegi, sem þeir ættu að ganga sé ekki allrar varúðar gætt; en þetta verður að nægja. Eg veit einhverjir muni segja, að það sé til ónýtis að benda á þessar villugötur, ef vegurinn sjálfur, sem á að gangast sé ekki sýndur. Menntu eru vanir við þá tegund af siðfræði, sem segir nákvæmlega fyrir hvað megi gera og hvað megi ekki gera. En það er með þá siðfræði eins og mörg lög, menn geta fýgt þeim með mesta nákvæmni, án þess á nokkurn hátt að vera gótt og nýtilegt fólk. Sí siðfræði, sem gildir fyrir fólk með frelsi og með vitund um að það hefir frelsi, sú siðfræði, sem gildir fyrir fólk með starfsþrótti og vilja til að beita honum, verður að gera þetta: *findu þína braut og þitt atvinnarverk sjálfur láttu*

takmark þitt vera ófráskiljanlegt sjálfum þér, að sínu mikilvæg-asta boðorði.

Ef menn vilja spyrja hvort þetta sé örugg lífsregla, þá er það svar að gefa, að það er engin lífs-regla. Lífsreglurnar koma utan að, menn setja þær hver öðrum, þær snerta hina almennu heild. En viljann, innra aflið, sem knýr oss áfram til að finna vorn stað í heiminum, stað þar sem vér getum starfað, hugsað og lifað eins og oss er náttúrulegt samkvæmt voru einstaklingsedli — þann vilja og það afl verðum vér að finna í oss sjálfum.

Með þessum skilningi á lífinu og sjálfum oss getum vér óhikað treyst því að vér finnum veginn, þó vér sjáum hann ekki allan framundan í byrjun, eða þó hann sé ekki altaf varðaður svo að sjáist af vörðu á vörðu; það er enginn slíkur vegur til, það getur enginn sýnt oss hann. Vér getum aðeins lært aðal stefnuna af öðrum. En veginn sjálfan lærum vér fyrst að þekkja er vér förum hann, með því að vita hvenær oss er hætt við að villast af honum.

Týndi sonurinn í dæmisögunni skildi hvar hann var staddur „þegar hann kom til sjálfs sín“. Hann hafði gengið inn á sniðgötu, sem lá út frá hinum rétta vegi. Eftir þeirri götu gat hann ekki lengi haldið áfram, því hann hlaut að vakna til meðvitundar um, að sitt náttúrulega takmark væri ekki að vera svínahirðir. Í sögunni er sagt, að hann hafi snúið aftur heim til föðurs síns, en það raskar ekki minstu vitund meiningu hennar þó vér segðum, að hann hefði fundið rétta veginn. — Manndómsmeðvitund hans vísaði honum á hann. Hitt er líka hugsanlegt, að hann hefði aldrei komist til meðvitundar á því, að hann var fallinn og niðurlægður vegna sinnar eigin villu. Fyrir mörgum hefir farið svo. En þá hefði það getað hjálpað honum, að einhver hefði bent honum á villugötuna og varað hann við henni. Sú viðvörðun hefði ekki mátt koma í þessum alþektu orðum, „þú skalt og þú skalt ekki,“ heldur sem vingjarnleg bending. Þá hefði þurft að sýna honum fram á, hvers vegna hann mátti ekki ganga þá braut, sem hann var að velja, segja honum hvað það þýddi að týna sjálfum sér á henni.

Sá sem aldrei glatar neinu af manndómi sínum og aldrei

kastar neinu af sínum varanlegu kostum og hæfileikum á glæ, til að öðlast það sem er skammvint og lítills virði, hann ratar *veginn*, hann veit altaf hvert hann á að stefna, honum getur aldrei skjátlást.

---

## Guðleg áhrif

EFTIR JAMES G. TOWNSEND D. D.

*Framh.*

---

Ert. d. ekki eitthvað meira en ósjálfráðar hreyfingar í því, að finna óræktað blóm eða fjórblaðaðan smára; í því, að byggja dómkyrkjunna í Milán eða að mála Venusarmyndina í Vatíkani; í því, að stýra gufuskipi yfir veglaust hafid? Hvað er það í pennahreyfingunum, sem orsakar mismun skáldskapar og leirburðar? Í töluðum orðum mismun, öfga og sannra frásagna? Er ekki forréttur persónuleikans, tilgangurinn, markmiðið, skilningurinn algerlega fráskilinn öllum ósjálfráðráðum hreyfingum?

Það má vera, eins og vísindi nútímans virðast gera ráð fyrir, að heimurinn í heild sinni sé hvorki siðferðis—né ósiðferðislegur, hafi enga meðvitund um rétt eða rangt, færist ekki nær neinu takmarki, illu eða góðu, en það útilokar ekki manninn frá að vera siðferðis—eða ósiðferðislegan, með meðvitund um gott og ílt. Maðurinn getur látið jörðina framleiða blóm eða illgresi, án nokkurs upphalds ósjálfráðra laga. Ef hin náttúrulega rás viðburðanna hallast ekki að neinni sérstakri hlið, þá getur maðurinn neytt hana til þess; ef hún miðar ekki að neinu góðu markmiði, þá getur maðurinn látið hana gera það. Eg meina auðvitað, á þeim stöðum, þar sem hann sjálfur er.

Ef nú mannlegar hvatir og mannleg leiðbeining bætist ofan á og blandast saman við rás viðburðanna, án nokkurs upphalds eða hindrunar hinna stórkostlegu náttúrulega, eins og ég hefi, að ég held, fyllilega sýnt fram á, gæti þá ekki samskonar viðaukning

gudlegra áhrifa og stjornar átt sér stað á hinn sama náttúrlega hátt? Það er fyrsti vitnisburður allra trúarbragða að veruleg hjálp og gæði frá hinu gudlega, komi í ríkum mæli til allra þeirra sem leita,—til hinna snauðu, fáfróðu, sjúku, sorgbitnu og syndugu.

En hvernig vitum vér þetta, hvernig vitum vér að bæn mannsins er svarað? Af reynzlunni. Vér vitum að trúin veitir oss hjálp eins áreiðanlega og vér vitum, að þegar vér göngum til uppsprettunnar, þá getum vér fyllt fötu með vatni. Þeir sem eru einlæglega trúaðir hafa þá meðvitund að sér veitist hið góða einhvern veginn sem svar við ban sinni. En vér verðum að muna, að trúarleg reynsla getur ekki gefið oss skýlausan sannleika, aðeins skynsemin getur gert það. Trúarleg reynsla getur ekki gefið oss skýlausan sannleika um heiminn, manninn og guð. Rannsókn, vísindi eða heimspeki verða að gera það, en trúin getur sýnt oss veginn til hins góða og hjálpraðisins. Í þessari reynzlu virðist sem veggnum, er aðskilur hið mannlega og gudlega, sé sópað í burtu og að flóðalda komi inn, sem fyllir sálina með nýju ljósi, nýrri viðkvæmri og nýju hugrekki. Þessa fylling sálarinnar nefnum vér komu hins gudlega, án þess að þykjast þekkja guð nákvæmlega. Meira að segja, það er ekki ávalt nauðsynlegt að trúa á guð til að finna veginn til guðs.

Vér vitum aðeins að það er uppörfun í þessari snertingu, áhrif, sem jafnvel þegar vér þreifum fyrir oss í byrkri undir yfirborði mannlífsins, gefa oss ljós, kraft og einlægni framar öllu öðru, þegar verk og skylda eru fyrir höndum.

Í þessari reynzlu er engin lítilsvirðing ytri gæða. Heilsa, fegurð, kunnátta, kraftur, jafnvel fé og staða eru stundum ómetanleg gæði. En maður getur haft allt þetta og verið óhamingjusamur, manni getur skort það allt og verið hamingjusamur, því til þess sem leitar kemur það sem hinn sanntrúaði maður kallar áhrif hins gudlega, kraftur, sem er meiri en hann sjálfur, sem breytir eyðimörk hans í garð skreyttan fögrum blómum. Engin sorg, enginn missir mun verða honum óbætanlegur; hrygð hans getur verið eins og svartnættið, sem hylur hann, en út við sjóndeildarhringinn skín stjarna vonarinnar.

## Fimta Kyrkjuping Íslenzkra Únítara í Vesturheimi.

---

Aunnar fundur var settur kl. 5 e. h. 19 júní af forseta.

Skrifari las upp fundarbók frá síðasta fundi og var hún samþykkt.

Þar sem næst lá fyrir, að skýrslur frá sérstökum nefndum yrðu lesnar upp það forseti formenn hinna ýmsu nefnda að leggja fram skýrslur sínar.

Úr fræðslunálanefndinni frá síðasta þingi var aðeins einn, séra J. P. Sólmundsson viðstaddur. Hann kvaðst enga skýrslu hafa að gefa, þar sem hann hefði ekkert starfað í þessari nefnd. Um starf meðnefundarmanna sinna kvað hann sér ekki kunnugt.

Formaður nefndarinnar, sem sett var á síðasta þingi, til að íhuga afstöðu Íslenzka únítarafélagsins við A. U. A. Jóhannes Sigurðsson bað um frest fyrir nefndarskýrsluna. Ennfremur skýrði hann frá sem formaður sálmaþókarnefndarinnar frá síðasta þingi, að sér væri ekki með öllu kunnugt um starf þeirrar nefndar, en að séra Rögnvaldur Pétursson mundi gefa skýrslu um það síðar á fundinum. A. E. Kristjánsson gat þess, að hann hefði skrifað þeim tveimur skáldum á Íslandi, sem sér hefði verið falið á hendur að skrifa viðvíkjandi söfnun til sálmaþókar en ekkert svar hefði komið frá þeim.

Þá var lesið upp bréf frá hr. Þorbergi Þorvaldssyni, skrifara félagsins, sem nú stundar nám við Harvard háskólann í Cambridge Mass. Séra J. P. Sólmundsson lagði til að skrifara sé falið á hendur að bóka það í fundargjöfningnum. Tillagan var studd af B. B. Olson og samþykkt.

Cambridge, Mass., 6. Júní 1910

Kæri Mr. Brynjólfsson:—

Eg bið þig að flytja afsökun mína fyrir hið fimta þing hins Únítaríska Kyrkjufélags Vestur Íslendinga að eg, sökum fjarlægðar get ekki sótt þing það er haldið verður að Mary Hill 16. til 19 Júní.

Eg sakna mjög að geta ekki verið viðstaddur, og sér í lagi hefði það verið ánægjulegt fyrir mig að sækja þingið, þar sem það mætir í Álftavatnsbyggðinni sem var að svo miklu leiti heimili mitt um fleiri ár.

Eg óska og vona að störf þau er fyrir þinginu liggja gangi greiðlega, og að árangurinn verði mikið til styrktar málum okkar.

Vinsamlegast.

Thorbergur Thorvaldsson

Ritari vakti máls á fræðslubókamálinu. Benti á þörfina, sem væri á, að gefa út leiðarvísir til notkunar við uppfræðslu unglunga í únítarískum trúarskoðunum. Um málið töluðu einnig J. P. Sólmundsson, A. E. Kristjánsson, B. B. Olson og H. Pétursson. Allir lögðu áherzlu á, að brýn þörf væri á útgáfu slíkrar bókar. Ennfremur var bent á nokkra örðugleika í sambandi við samningu hennar og útgáfu.

J. B. Skaptasson lagði þá til, að fundi væri frestað til kl. 8 að kvöldinu og var það samþykkt.

Eins og tekið var fram í síðasta blaði, var ekki hægt að prenta þennan fundargerning með hinum, og eru lesendurnir beðnir velvirðingar á því. Ennfremur hefir fallið niður úr fundargerningi fjórða fundar, að geta þess, að Rögnvaldur Pétursson, A. E. Kristjánsson og G. Árnason voru settir í nefnd, til að semja og sjá um útgáfu kenslubókar.





## Dómarabókin.

Allar þjóðir eiga sínar hetjusagnir, sem myndast á meðan þjóðlífið er að komast á fastan grundvöll. Þessar sagnir skýra frá afreksverkum manna, er hafa leitt þjóðina á ófriðartímum, eða á einhvern annan hátt hafa áunið sér lof og aðdáun almennings. Utan um endurminningarnar um þessa nienn fléttast ótal sagnir, sumar sannar, aðrar bygðar á ímyndun einni; þær ganga fyrst munnmælum um lengri eða skemri tíma, svo er eitthvað af þeim fært í letur, það varðveitist en hitt gleymist með tímanum.

Dómarabókin í Gamlatestamentinu er safn af hetjusögum, sem ná lengst aftur í fornöld Gyðingaþjóðarinnar. Aðal persónan í hverri sögu er einhver hetja, sem á ófriðartímum gerðist leiðtogi yfir ættbálki sínum og vann sigur á óvinunum. Viðburðirnir, sem sögurnar skýra frá snerta að mestu leyti aðeins þann ættbálk, sem söguhetjan tilheyrir, er þeir, sem síðar söfnuðu sögunum saman hafa gert sér far um að gefa viðburðunum viðtækari þýðingu.

Hvenær sögum þessum var fyrst safnað saman í eina bók verður ekki sagt með vissu. Í sinni núverandi mynd ber dómarabókin með sér, að hún hefir gengið í gegnum hendurnar á fleirum en einum útgefanda. Allir þessir útgefendur hafa bætt sínum eigin skoðunum við hið upprunalega efni, í smágreinum, sem skotið er inn á milli sagnanna. Sterkasti þátturinn í þessum viðbættum eru hinar svo nefndu deuteronomisku kenningar, þær birtast í upphafi og endir hvernar sögu, þar sem tekið er fram, hvers vegna Israel hafi verið yfirunninn af öðrum þjóðum, og einnig í all-löngum formála fyrir bókinni sjálfri, kap. 2. 6—3, 6. Hugmynd deuteronomiska útgefandans er, að í hvert sinn sem þjóðin óhlýðnaðist Jahve, gæði sínu og tilbað aðra guði, þá var henni refsað með því, að vera seld á vald einhverri nágrannaþjóðinni. Þessari ógæfu fylgdi jafnan iðrun, og þegar þjóðin

hafði iðrast sendi Jahve *dómara*, leiðtoga, sem frelsaði þjóðina. Þjóðin hlýddi þá Jahve og tilbað hann á meðan dómariinn lifði, en þegar hann var fallinn frá sökk hún altaf niður í hjáguðadýrkun og óhlýðni aftur, og var refsað og frelsuð úr höndum óvinanna enn á ný. Fráhvarf, hegning, iðrun, frelsun og frá-hvarf aftur er hringferð viðburðanna, samkvæmt skilniagi deuterónómiska útgefandans á sögunni. Umgerðin, sem hann setur hverja sögu í, er hin sama upp aftur og aftur. Tilgangur hans er að sýna, að á með un fólkið tilbað Jahve naut það velgengni og friðar, en undir eins og það fór að tilbiðja aðra guði var það undirokað af öðrum þjóðum.

Þetta er nákvæmlega sama skoðunin og skilningurinn á sögunni og sá sem kemur í ljós í fimtu bók Móse (deuteronomium, hin önnur lög) og sem varð til á síðari hluta sjöundu aldar f. K. Þá myndaðist allsterk umbótahreyfing á stjórnarárnum Jósía nokkru fyrir 620.

Deuterónómiska útgáfan byrjar með 2 kap. 6 versir. Það sem á undan er tilheyrir að réttu lagi ekki bókinni sjálfri, heldur hefir að líkindum verið bætt við hana síðar. Í fyrsta kap. er í stuttu máli sagt frá sigurvinningum hinna 12 kynkvísla. Sömu-leiðis er sagt frá því, að hinir upprunalegu fóúar landsins hafi haldið áfram að dvelja í því með Israelsmönnum. Deuterónómiski formálinn byrjar með 2, 6. Í honum er líklega tvær lýsingar af ástandinu í Israel að finna. Tvær orsakir eru gefnar, hvers vegna Jahve rak ekki hina eldri íbúa landsins úr landinu. Önnur sú, að hann hafi látið þá vera til að kenna Israelsmönnum hernaðaríþrótt, hin, að þeir hefðu verið skildir eftir til að reyna Israelsmenn. Sami höfundurinn hefði varla gefið þessar tvær ástæður, né sett fram hugmynd sína um þýðingu sömu sögulegu viðburðanna tvisvar.

Sögurnar, sem fylgja formálanum, kap. 3, 7—16, 31 eru hinar verulegu dómarasögur. Í sögunum af Barak og Gideon eru tvær mismunandi frásagnir, en viðburðirnir þeir sömu; í öðrum, eins og í sögunni af Ehúð er all-gagnorða og ljósa frásögu að finna. Sagan af fyrsta dómaranum Otniel sýnir aðeins aðferð deuterónómiska útgefandans, og má því vel vera að hún

sé alls ekki á neinum sannsögulegum grundvelli bygð. Í 4 og 5 kap. er tvöföld frásögn af undirokun Israelsmanna undir Jabin konung í Hazór og dauða Sísera herforingja hans; önnur frásögnin er í bundnu máli, hin í óbundnu.

Í kvæðinu eða Sigurljóðum Debóru, eins og það er nefnt, er herferðinni á móti Sísera undir forustu Baraks lýst. Lýsingin á viðburðunum, sem áttu sér stað og ástandinu yfirleitt er bæði ljós og náttúrleg. Fræðimönnum ber saman um, að í þessu kvæði sé hið elsta, sem til er af hebreskum bókmentum að finna. Í frásögninni í óbundna málinu, sem auðsjánlega er grundvölluð á kvæðinu, má finna nokkrar minni háttar frábreytingar, en yfirleitt er hún þó eins og frásögnin í kvæðinu.

Sagan af Gídeon í 6—10 kap. er ákaflega flókin. Í henni er efni, sem bætt hefir verið við eftir að sagan sjálf var fullmynduð. Fyrsti hluti sögunnar 6, 11—24 segir frá köllum Gídeons, en næsti hluti, vers 25—33 stendur í engu sambandi við, og er jafnvel gagnstæður því sem á undan er farið. Síðan heldur sagan áfram til kap. 8, 4, þar slitnar hún aftur, og frásögn, sem ætti að vera fyrst í sögunni byrjar.

Sagan af Samson, Kap. 13—16 gefur miklu nákvæmari lýsingu af söguhetjunni en nokkur hinna. Hún kemur ekki eins vel heim við skoðun deutorónómiska útgefans og hinar. Hinn vanalegi formáli og eftirmáli finnast að vísu, en sagan sjálf er þýðingalaus fyrir tilgang þann sem lýsir sér í þeim. Sagan tilheyrir að líkindum hinum allra elstu munnumælum. Samband það á milli Israelsmanna og Filisteanna, sem hún sýnir, bendir á að hún sé mjög gömul.

Síðast í 3 kap. fyrst í 10 og seinast í 12 er, í fáum orðum, sagt frá 9 dómurum, sem nefndir eru smærri dómarnir. Ekkert er sagt um nokkur hreystiverk í sambandi við þá. Þess hefir verið getið til, að nöfnum þeirra hafi verið bætt inn síðar, til að fylla út tímabilið frá eyðimerkurförinni til musterisbyggingarinnar, 480 ár.

Sagan af Míka í 17 og 18 kap. er alveg sérstök. Hún kemur engan veginn heim við tilgang deutorónómiska útgefandans. Frá öðru sjónarmiði skostað er sagan samt sem áður afar eftirtektar-

verð. Hún sýnir ástand, sem berdir á, að hún sé æfagömul. Skurðgoðadýrkun er talin sjálfsögð, og það er ekki álitin synd af Míka, að láta smíða skurðgoð handa sjálfum sér. Það er aug-sýnilegt, að sagan hefir hlotið að verða til áður en farið var að skoða skurðgoðadýrkun sem brot á móti Jahve; annars mundi höfundurinn ekki tala um skurðgoð Míka ávítulaust. Sagan gefur einnig merkilega lýsingu af landnámi Daníta. Það eru öll líkindi til að sagan sé bygð á sögulegum grundvelli.

Sagan af niðingsverkinu í Gíbeu í 19 kap. kemur heldur ekki heim við tilgang deuterónómiska útgefandans. Í henni birtist engin söguhetja, og ekki er heldur sagt frá neinum hreystiverkum. Tilgangurinn með sögunni virðist muni hafa verið, að svarta ættbálk Benjamíns. Sagan hefir ekkert gildi í sjálfu sér. Í 20 kap. þar sem herferðinni á móti Benjamíns ættinni er lýst er auðsjáanlega blandað saman tveimur frásögum. Tala liðsins er ákaflega ýkt, og sameining allra ættanna á móti Benjamínsættinni, sem áherzla er lögð á, sýnir að frásögnin er tiltölulega seint til orðin.

Priðji hluti bókarinnar, sem byrjar þar sem sagan af Samson endar hefir tvær sögur inni að halda, sem virðast tilheyra hinum allra elstu munnmælasögnum, er fyrri sögunnar eru teknar úr, en þær hafa enga þýðingu fyrir skoðun þá, sem deuterónómiski útgefandinn heldur fram, nefnilega, að tilbeiðsla Jahve sé launuð með velgengni, og tilbeiðsla annara guða með eyðileggingu og böli. Síðustu tveir kap. virðast vera viðbætir við bókina, miklu yngri en sögunnar sjálfar, sem þeir eru tengdir við, og þeir sýna óvild og vináttu á milli ætta, sem skiljanlegt er að hafi varað niður til stofnunar konungsríkisins og máské lengur.

Dómarabókin er þá safn af eldgömlum sögum, sem í fyrstu hafa verið munnmæla sögur, og trúarbragðalegum og þjóðernislegum kenningum frá alt öðru tímabili, sem sögunnar eru ofnar inn í. Sumar af sögunum sýna ágætlega ástand þjóðarinnar á því tímabili er hún var að vinna undir sig landið. Sögur þessar eru frá 11 og 12 öld f. K. og það er álitid að Debóru söngurinn sé frá 13 öld. Hvenær þeim var fyrst safnað saman verður ekki sagt, en einhverntíma á síðari hluta 7 aldar hefir deuterónómiski

útgefandinn, sem tilheyrði umbótaflokknum, sem þá var uppi, ritað bókina yfir og komið skoðunum síns flokks inn í hana.

Þess ber að gæta, að á þeim tímum var alls ekki álitidrangt að breyta bókum, bæta við þær og jafnvel ekki að eigna þær öðrum. Fyrir umbótaflokkinn í Jerúsalem var það hættuminsti vegurinn til að koma skoðunum sínum á framfæri.

---

## Móðurhendur.

SAGA EFTIR BJÖRNSTJERNE BJÖRNSON

---

Ertandi kliður sverðanna við steingólfið bergmálandi frá háa glerþakinu yfir járnbrautarstöðinni, stálhljóðið innanum blásturinn í gufupípunni, ómur af hlátri og samtali innan um þunga lága suðu í hjólbörum, skóhljóð og hávaði af vagnhleðslu.

Í hvert sinn sem nýr hópur af riddaraliðsforingjum kom inn- um dyrnar með glerhurðinni skarst sverðaglamrið skarpt í gegn- um hávaðann; það komu einnig margir stórskotaliðsforingjar, og talsvert af fótgönguliði var með; allir stefndu þeir að sömu vagn- dyrunum í lestinni, þar sem hávaxin, svartklædd kona með stór, hálf angurblið og hálf skipandi augu stóð og heilsaði. Sein höfuðhneiging og aldrei meira. Foringjarnir komu auðsjáanlega beina leið frá heræfingn eða göngu. Konungurinn var í bænum, fáeinir fyrirboðar hans, nefnilega sænskir einkenningsbúningar, sýndu það. Var hann sjálfur þarna? Var beðið eftir honum? Nei, þá hefðu foringjarnir ekki verið þar einir. En konan í vagndyrunum, var það hún, sem þeir leituðu að til að kveðja? Riddaraliðs-yfirforingjafnú þá? Nei, þessi kona hafði ekki alist upp í dálitlu vopnabúri í umgengni við hesta og hestamenn. Henni var líka aðeins heilsað kurteislega. Mennirnir söfnuðust utan um einhvern sem stóð fyrir neðan og sem erfitt var að sjá. Þarna lyftist hvít slæða í hanskaklæddri kvenhendi upp í loftið; —var þá öll viðhöfnin vegna kvenmanns?

Ennþá er hið löngu spíða stríð við Rússland ekki byrjað; máske kemur það ekki fyr en seinna, svo þeir eigi náðuga daga. Margir af þessum foringjum hafa fengið heiðursmerkin fyrirfram. Fylkishöfðinginn ber að minsta kosti átta á brjóstinu, hann hefir fyrir miklu að vinna. Eftir útliti að dæma eru nokkrir heldur föllir—þar á meðal tveir tígulegir Svíar með smjaðursleg hirðmannaugu—þeir hafa máske fengið sár fyrirfram?

Þeir þyrpast saman fyrir framan vagndyrnar. Svo það er þá í raun og veru um konu þetta friðsamlega stríð með þrengslum og troðningi, þessi iðandi hreyfing fram og aftur á höfðum og axlaborðum, eyrum og kjálkaskeggum, þessi einróma hlátur eftir skipun.

Máske er það prinsessa? Hamingjan, þá mundu þeir halda sér í virðingarfullri fjarlægð; en hér þrengja þeir að—þar til dyrnar aftur fyllast af einkennisbúningum og sverðaglamri (í þetta sinn riddaraliðsforingjar eingöngu), og litill maður mjög gamall, ákaflega vingjarnlegur, ekkert nema vinalæti og aftur vinalæti, kemur með flokk af eldri og yngri foringjum með sér. Agi og hirðundurgefni—í litlum friðarher komast engir í hærrí stöður nema hirðmenn—höfðu sett andlit hans í eins reglulegar stellingar og ef það hefði verið gömul klukkuskífa. Aðeins höfðu verið settir tveir kjálkatoppar á það, sem eins og dregnir af tveimur leynistrengjum á bak við lyftust upp í bros og sigu niður aftur í alvöru.

Einhver hrópaði: “Rúm fyrir yfirherforingjann!”—og alt í einu opnuðust breið göng í gegnum tvo heilsandi helminga, sem klofnuðu hver frá öðrum.

Þá sást inn í miðjan hópinn; þar stóðu uokkrar konur og á meðal þeirra var ein há, ung í ljósleitum ferðafötum, með hvítan stráhatt og langa hvíta blæju, sem var slegið lauslega yfir hann, Hún hafði fullar hendur af blómum og fékk æ fleiri og fleiri. Þær sem hjá henni stóðu réttu þau til móðurinnar í vagndyrunum, sem lagði þau til hliðar. Nú gátu allir séð að þær voru móðir og dóttir. Báðar jafn háar, dóttirin máske ofurliðið hærrí, augun eins, stór og grá, en augnatillitið mjög ólíkt þó beggja

kæmi innan að frá umfangsmiklu sálarlífi, móðurinnar frá skilningi á andstreymi og þrautum lífsins, dótturinnar frá einhverjum eldi, frá einhverju órólegu, heimtandi, stormi lyndiseinkennanna, sem ennþá hafði ekki náð markmiði sínu; það gneistaði af sigurhrósi, en við og við skaut eldingum af óþolinmæði.

Há, grönn, liðug; eldur augnanna brá ljósi yfir hreyfingar-  
nar. Aðrir sáu hana ekki með sínum augum, þeir urðu að sjá hana í glampanum af hennar eigin. Einbeittlega andlitið hjálpaði augunum til þessa valds yfir öðrum. Andlit móðurinnar var ávalt með hreinum dráttum og nokkuð breitt; andlit dótturinnar var lengra og beinna, sérstaklega ennið með hinu mikla ljósbrúna hári umhverfis. Augabryr hennar voru jafnar, nefið bogið, hakan sterkleg, varinnar vel myndaðar og stöðugar. Fegurð valkyrjunnar, en laus við hið ógrandi. Hinn segulkendi aðdráttur augnanna var hugarreik, ákañ; eldurinn í þeim var ljós. Útlitið alt var eins og hún væri borin af ósýnilegum öflum, allir, sem urðu fyrir áhrifum frá henni bærust með. Hún talaði til beggja hliða og fram fyrir sig, hún heilsaði, tók við blómum og hló; þeir sem fylgdu öllum þessum hreyfingum og breytingum urðu ruglaðir eins og af að horfa á vindgára á vatni í sólskini.

Hér var nóg ástleitni, en varla vitund af þeirri sem loðir við, sem velur sér einn og altaf nýjan. Ekki snertur af táli. Nógar hreyfingar spröttnar af tilhneigingu til að láta lítast á sig, en engar spröttnar af öðrum tilhneigingum. Eldurinn í augunum var vörn gegn tillitum og óskum, sem framleiða slíkt, þau brukku af, það var engin tegund af blíðskaparveiklun í þessu stöðuga útstreymi af heilbrigði, gáfum og lífsgleði.

Þessvegna var það að þau hrifu,—það má segja hinum samankomnu til heiðurs. Enginn var tekin fram yfir aðra, hverjum og einum var veitt einhver eftirtekt.

Þessi einstaka aðdáun og tilbeiðsla hafði byrjað í fyrrahaust, þegar riddaraliðs—fylkisforinginn, (sem var giftur móðursystur hennar) kom til baka frá París með hana. Þessi fylkisforingi, sem var óþreytandi í að vera sér úti um vináttu karla og kvenna, og sem vanrækti alls engan nema konuna sína, hafði ekkert þýðingarmeira verk með höndum en að sýna öðrum hina fögru

dóttur mágkonu sinnar. Það gerði hann á hestbaki við hlið hennar, á dansleikum við hlið hennar, í leikhúsum og á sam-söngum við hlið hennar, þar kom enginn annarr. Hann hélt útreiðar henni til heiðurs, og alt riddaraliðið kom, hann hélt dansleiki henni til heiðurs, og fjölda margir komu. Hann tók hana með sér á stórhátíð foringjanna, og þeir komu allir. Hann var gamall hirðnaður og kunnir ráðin; honum tókst aldrei klaufalega að sýna hana,—eins og í þetta sinn; þeir voru kallaðir, hver einn og einasti.

Þeir komu þar af leiðandi af mjög fúsum vilja; en annars höfðu þeir ekkert vitað um það, eða þjónustunni hafði verið hagað svo til að þeir gátu ekki komið, eða þeir höfðu skoðað það sem of nærgöngult. Nú voru þeir þar samkvæmt skipun; það eykur mjög á vellíðan liðsforingja að hafa á meðvitundinni að sér sé stjórnað. Lítið á bakið á litla gamla yfirforingjanum um leið og hann kyssir hönd hennar, heilsar frá hans hátign konunginum og réttir henni blómvönd, sem hann sjálfur hefir tínt blómin í. Sjáið þetta bak segiég; það mætti klappa það og strjúka. Þegar hann réttir sig upp aftur er hann eins ánægður í ljóma hennar og skakkur hundur, sem finnur kjötlykt.

Eg talaði áðan um skipun, að allir, sem við voru hefðu haft þá tilfinningu, sem er svo þægileg fyrir yfirmenn í hernum, að sína henni aðdáun samkvæmt skipun, það, að konungurinn sjálfur hafði sýnt henni aðdáun var hærri staðfesting. Um veturinn hafði hann skoðað það sæma sér, að binda á hana skautana úti á ísnum. Að vísu var hún ekki sú eina, sem varð fyrir þessari eftirtekt, né heldur því, að tilheyra skautafélagi kongsins. Það var stór hópur af ungum stúlkum fyrir utan hana. En hver einn einasti riddaraliðs—og stórskotaliðsforingi, sem viðstaddur var og þá voru margir þeirra viðstaddir, þegar hann kraup og batt á hana skautann—skoðaði það sem frama, er þeirra stúlka varð fyrir.

Með hjástoð fótgönguliðsins rendu þeir sér á eftir henni yfir spegilsléttan ísinn—Svíarnir með! Það þurfti ekki mikla ímyndun til að geta séð hana eins og í byrjun herferðar; til að sjá hestana, fallbyssurnar, púðurkassana þjótandi á eftir yfir ísin, með



fánablakti, hófasletti og hneggi.

Ef hún hefði aðeins haft þessa einu hlið, þá hefði öll fegurð hennar, jafn óvanalega mikil og hún var, þó ekki komið því til leiðar, sem nú var sýnilegt.

Nei, það var meira með. Hún lét ekki taka sig, fastsetja, stöðva, að ná henni var eins og að hafa eld á milli handanna, "hún var hvorki fyrir menn eða konur", sögðu sumir, og það stakk þá. Þegar hún var nálægt þá leið hún í burtu; í fjarlægð var hún vígahnöttur. Ljóminn minni en jókst af endurkasti frá öðrum.

Þessi áhrif urðu sterkari vegna einstöku orða. Hún sagði nefnilega orð, sem þóttu smellin. Þegar konungurinn batt á hana skautana sagði hann: "Þér hafið inndælan fót ungfrú."—"Já, frá þessum degi," svaraði hún. Glæðlyndur stórskotaliðs-fylkisföngi, sem hafði eytt öllum eignum sínum í glaumlífi með félögum sínum og kvenfólki sagði: "Eg legg hjarta mitt að fótum yðar."—"Hamingjan góða, hvað annað hafið þér eftir til að gefa í burtu," sagði hún hlæjandi og rétti honum höndina.

Hún gaf ungum flokksföngja undir fótinn, sem blóðroðnaði. "Þér eruð ein af þeim, sem maður gæti dáið fyrir," sagði hann. "Já að lifa fyrir mig mundi víst verða leiðinlegt fyrir okkur bæði"

Hún gekk til riddaraliðsskáldsins, riddarahöfuðsmanns til að borða með honum hnetur í stofuleik. "Viljið þér?" spurði hún. "Það er eitt sem við allir viljum gagnvart yður," svaraði hann, "en við komum okkur ekki að að segja það. Hver getur ástæðan verið?"—"Segja hvað?" spurði hún.—"Ég elska yður."—"Ó,—þið vitið að ég mundi hlæja," sagði hún og bauð honum hálfu mündlu, sem hann borðaði, og þau voru jafngóðir vinir.

En ýmislegt annað, sem hún hafði sagt vakti meiri virðingu. Einu sinni við eldstæðið var sagt frá hliði, sem var kallað "sannleikshliðið." Allir, sem gengu um það urðu að segja hvað þeir hugsuðu. Þá hrópaði hún upp. "Þar fæ ég að vita hvað ég sjálf hugsa." Einhver af þeim sem viðstaddir voru sagði, að einmitt það sama hefði danski biskupinn Mourad sagt, þegar hann heyriði talað um hliðið. "Og hann var nefndur dulspakur," bætti hann við.

Hún sat dálitla stund kyr og varð fölari og fölari, svo stóð hún upp. Eftir nokkra stund fanst hún grátandi í hliðarherbergi.

Einu sinni við miðdagsborðið sagði lærður maður: "Sá sem á að verða eitthvað mikið veit það frá barnæsku."—Já, að hann á að verða eitthvað, en ekki hvað," svaraði hún fljótt. En hún fyrirfarð sig fyrir það. Hún reyndi að leiðrétta það og sagði: "Sumir vita það, aðrir ekki." Fyrirvarð sig ennþá meira og feimnin gerði hana mjög yndislega. Fólki þykir vænt um að finna stórar þrár, sem ekki hafa hátt um sig.

Á meðal vina var talað um unga ekkju eitt kvöld. "Hún endurnýjar sig í nýrri ást," sagði einhver. "Nei, heldur í einhverju stafi, einhverju sem hún verður að gefa sig algerlega við," sagði annar, sem þóttist þekkja hana betur. "Mér er sama hvað það er, bara að hún gefi sig að einhverju," sagði sá, sem fyr hafði tekið til máls. "Það er í því, að leggja sig fram sem frelsunin fiast,—kallið þið það endurnýjungu eða hvað sem þið vilið.—"

Þetta hafði hún hlustað á. Í fyrstu stóð henni á sama, en fór að taka betur eftir og varð síðast hrifin. Svo sagði hún með ákafa: Nei, það er um að gera að leggja sig *ekki* fram! Enginn svaraði; það var eitthvað svo undarlegt, fanst öllum. Hafði nokkuð komið fyrir, eða var þetta bara hugboð?

Eða var hún að hugsa um eitthvað sérstakt, sem enginn af þeim, er viðstaddir voru, vissi nokkuð um? Eða um eitthvað stórt, sem var þess virði að eftir því væri beðið?—

Það, sem menn ekki gera sér grein fyrir, fangar hugann. Hinir háttprúðari og næmlyndari á meðal riddaranna fundu til virðingar. Frá þeim breiddist hún út. Á meðal þeirra, sem altaf eru undir aga breiðist ekkert eins fljótt út og virðing—oftast hin heimskulegasta.

Þeir voru til, sem sóru, að hún væri hið fallegasta kynbætt dýr, sem til væri í Noregi. Það voru einnig til aðrir, sem, ef hamingjan hefði viljað svo, hefðu gefið allan sinn sálarfrið fyrir—ég þori ekki að segja fyrir hvað. En það voru ennþá aðrir, sem hugsuðu um konu riddaraaldarinnar, og sáu í anda borðann,

sem hún festi á brjóst riddara síns sem merki um að hann væri tekinn í riddara tölu. Eitt augnatillit, eitt orð frá henni, einn dans með henni var bórðinn. Þein funst þeir bera af öðrum, þeir höfðu eitthvað hærra og fegurra við sig þá.

Hversu margir reyndu ekki að mála hana eftir minni; hún vildi sem sé ekki láta taka mynd af sér. Það varð almenn skemtun að draga hliðmyndir af henni; sumir urðu mjög fimir í því. Með svipuskaftrið í snjónum, með eldspítu og hálfbrunninn vindil, með skauta á ísnum.

Yfirleitt var það riddaraliðinu til heiðurs að svona mikið var haldið af henni. Móðurmágur hennar hélt auðvitað, að það væri sér að þakka; en sannleikurinn var, að auglýsing hans hefði eyðilaggt alt fyrir hverri annari sem verið hefði. Hún þoldi auglýsinguna, Nú var hann orðinn út undan, hann skildi ekki sjálfur í hvers vegna það var. Hann, sem hafði komið þessu stefnumóti í framkvæmd stóð þar og sárlangaði til að sér væri veitt eftirtekt; en gat ekki vakið eftirtekt á sér. Alt sem fram fór var eins og einu lofti fyrir ofan hann.

Konan hans skemti sér að öllu saman. Fyrst í stað hafði hún verið hrædd, þegar þessi undarlega systirdóttir hennar kom á heimili hennar. Hinar íburðamiklu og daðurslegu sýningarútgöngur með henni komust samt sem áður á stig, sem hann hafði aldrei grunað. Lestin varð altat béttrari og stærri; eftir nærveru konungsins líktist það um stund mest umsátri. Flýtirinn óx með tölunni. Fylkisförlinginn hljóp með eins og sprunginn hestur. Hann gerði sér upp kæti og var óvenju fjörugur; en í raun og veru dróst hann aftur úr, varð ofaukið, já blátt áfram til fyrirstöðu. Frúin hló að honum. Hann, sem þegar hann var erlendis, hafði stungið giftingarhringnum sínum í vasann og var hvenær sem vera vildi tilbúinn að gera hið sama—honum var nú stungið í vasann eins og tómu vindlaveski.

Nú var hringt í annað sinn, hópurinn komst í hreyfingu, sverðin og sporarnir skröltu, hendur lyftust og kveðjur heyrðust. Hún kvaddi og kvaddi hvað eftir annað, orðin féllu fljótt, bros og haeigingar voru gefin, með fjörugum yndisleik, í kviku samræni; hún var á efsta tindi. Stórköflótti ferðakjöll-

inn og ljósi hatturinn með blájunni yfir, sem ýmist féll niður eða kastaðist út í loftið, tígulegur hnakki, fullkomið vaxtarlag—alt saman í sólskini aðdánarinnar. Steig hún ekki í gullvagn með hvítum dúfum fyrir? Í þetta sinn ekki hærra en upp til móðurinnar í vagndyrunum. Þaðan brosti hún niður til fylkisföngjans á aðra hlið og yfirföngjans á hina og kvenfólksins í kringum þá. Fyrir aftan þá mætti hún öllum hinum upplyftu yfirskeggum, öllum hinum ljósu, öllum hinum brúnu, öllum hinum svörtu og svörtu, hún reyndi augunum yfir þunnu yfirskegginn og þau þykku, þau langdregnu og heimskulegu, hin þunglyndislegu og hangandi og hin uppsaúnu. Innan um öll þessi ósköp af skeggi litu nokkur skegglaus andlit út líkt og sænskar milliraddir.

“Eg vona að ungfrúin fái góða ferð,” sagði gamli yfirfönginn. Þessi heiðarlegi hrossaskellir var of litillátur til að vilja segja nokkuð merkilegt. “Hafðu þökk fyrir veturinn lambið mitt.” Þetta var hin háa raust fylkisföngjans. Orðin áttu að sýna með hvaða föðurlegum kunningsskap hann þyrði að tala til hennar. “Eg hef ót kent í brjósti um þig í vetur frændi, en nú getur þú hvílt þig fram eftir sumrinu,” var svarið sem hann fékk.

Frúin hló, og það var öðrum merki um að sér væri líka óhætt að hlægja.

Andlitin litu upp til hennar—flest voru drenglyndisleg, vingaþjarnleg og kát,—nærri því hvert minti á skemtilega stund, öll saman mintu á haust og vetur með stöðugum útreiðum, skautuferðum, skíðaferðum, keirsluferðum, dansleikjum, miðdagsverðum samsöngvum,—hringdans yfir spegilslettan ísinn í fjúkandi snjónum, eða inni í geislahafi tónanna, glásahringingum og samræðum. Ekki ein einasta minning, sem nokkuð lágt loddði við—alt frjálst og kröftugt eins og riddaraganga. Ein eða tvær tilraunir—ein frá hennar háttvirta móðurmági—voru horfnar í burtu eins og þokuhnoðri. Hún fann til gíeði þakklætisins fyrir það sem hún hafði reynt, fyrir góðmensku allra fram á síðustu stund. Hún fylti hana alla, ljómaði í augum hennar og braust í gegnum hverja taug; hún gaf hana þeim, sem fyrir neðan hana stóðu og blómuðu, sem hún hélt á. En tilfinning um að það væri of mikið, alt of mikið, lá undir niðri. Og í gegnum alt

hræðsla við tómeika, sem olli óbærilegum sársauka. Ó, að það væri alt búið!

Farmiðarnir voru skoðaðir og dyrunum lokað, hún kom aftur í ljós í glugganum, sem var opinn. Hún hélt á blómunum í annari hendi og vasaklútnum í hinn; hún grét. Brjóst hennar og herðar fyltu gluggann eins og umgerð, höfuðið með hvíta hattinn og blájuina kom út úr honum. Hvers vegna mála menn ekki þesskonar?

Reglurnar bönnuðu að nokkur færði sig nær, á meðan yfirforinginn, fylkisforinginn og kvenfólkið stóð umhverfis; allir stóðu kyrrir þar sem þeir voru komnir. Þar sem þeir, er næstir voru töluðu ekki þögðu allir. Það sást að hún grét, sást að brjóst hennar hreyfðist. Hún sá aðra í þoku, og alt saman varð að kvöl. Gat það alt saman verið einlægt? Gráturinn hætti strax aftur. Einhver fyrir neðan, með viðkvæmu hjarta, sem einnig þekti sársauka, spurði hana, hvort þær næðu heim í dag, og því játaði hún með ákafa. Þá mundi hún eftir móður sinni og rýmdi til fyrir henni en hún vildi ekki koma að glugganum. Það var jafnvel eitthvað í augum móðurinnar, sem í svipinn olli sársauka eða hræðslu,—hún gleynði því, því eimpípublásturinn skildi lestina frá föruneytinu; hópurinn færði sig eitt eða tvö spor til baka. Kveðjurnar voru endurteknar, auknar, hún veifaði vasaklútnum sínum, ylurinn kom aftur í augu hennar, nú sleptu þeir sér líka, hún dró þá til sín og þeir hana, þeir gengu á eftir, því nú voru sveitarforingjarnir, allir hinir ungu orðnir fremstir. Nú brutust aðrar tilfinningar út á nýjan hátt. Þeir kvöddu, hrópuðu, kvöddu aftur og hlupu á eftir lestinni. Glamrið í sverðum og sporum, litirnir, handahreyfingarnar og fótaskellirnir örfuðu hana. Hún beygði sig út um gluggann og veifaði til þeirra, en hraðinn var of mikill, nokkur gáltil tilfinningaskáld hlupu þó með, hinir stóðu kyrrir—stóðu eftir í reykjarsvæluinni. Vasaklúturinn hennar sást ennþá eins og hvít dúfa í dökku skýi.

Þegar hún færði sig frá glugganum þurfti hún hjálpar einhvers, en mundi eftir augum móður sinnar; voru þau ennþá eins? Já.

Svo lét hún sem hún væri ekki í geðshræringu. Hún tók

af sér hattinn og hengdi hann upp. En augu móðurinnar höfðu vakið upp mótstöðuna, sem var í henni sjálfri. Gagnstaðar tilfinningar brutust upp; hún vildi hylja það, hún vildi reyna að ná sér aftur, hún hallaði sér þess vegna á bekkinn og sneri sér til hliðar, og rétt á eftir lagðist hún endilöng niður á bekkinn. Eftir litla stund heyrði móðirin að hún grét og sá það líka á hreyfingunum á bakinu á henni.

Rétt á eftir fann dóttirin bera hendi móður sinnar undir höfðinu á sér. Hún skaut undir það svæfi. Þetta gjörði henni hughægra; að finna að móðirin vildi, að hún svæfi—Það eitt var svo gott. Já, hún var hræðilega syfjud. Og eftir fáeinar mínútur var hún sofnuð.

## Alþjóðþing frjálstrúarmanna.

Alþjóðþing frjálstrúarmanna, sem haldið var í Berlín á Þýskalandi í ágúst síðastliðnum, er hið fimta þesskonar þing sem únítarakerkjan á Englandi og í Ameríku hefir staðið fyrir. Þetta þing, eins og öll hinna, er að mestu leyti sótt af únítörum, þó einnig hafi mætt á þeim frjálslýndir menn frá ýmsum öðrum trúflokkum. Mr. Charles W. Wendte, sáem er launaður embættismaður Ameríska Únitarafélagsins, hefir verið skrifari þinganna og haft á hendi allan undirbúning þeirra. Það þykir rétt að taka þetta fram hér, vegna þess að hvorki síðustu "Breiðublik" né önnur íslensk blöð, sem um þingið hafa getið, hafa tekið fram með einu orði undir hverra umsjón og fyrir hverra forgöngu þingið er haldið. Slík ónákvæmni í fréttum er vítaverð, vegna þess að hún getur orðið orsök til misskilnings; en efalaust er hér um þekkingarskort að ræða. Annars verður að geta þess sem gert er, hver sem hlut á að máli.

Heimir vonar að geta skýrt nánar frá gjörðum þingsins næst.



## Til kaupenda Heimis.

Með þessu blaði er sjötta árgangi Heimis lokið. Nokkur dráttur hefir orðið á útkomu blaðsins í sumar, sem að mestu leyti hefir stafað af anuríki prentaranna. Þann drátt eru kaupendurnir beðnir að fyrirgefa. Framvegis mun verða reynt af fremsta megni að láta blaðið koma út á réttum tíma.

Um leið og útgáfunefndin þakkar öllum þeim, sem hafa borgað blaðið fyrir skilvísina, og sömuleiðis öllum þeim, sem á einhvern hátt hafa hlynt að útbreiðslu þess, vill hún vinsamlegast mælast til þess, að þeir sem nú skulda því, reyni sem fyrst að standa í skilum. Frá fjárhagslegu sjónarmiði er ekki um annað hugsað en að reyna að láta blaðið bera sig, en til þess að það geti það þurfa allir kaupendur þess að borga það.

Treystandi því að menn sjái þetta byrjum vér sjöunda árganginn og munum gera oss alt far um að gera hann eins vel úr garði og oss er framast unt.

## Tvö smákvæði.

EFTIR GOETHE.

Í fjarlægð

Ertu burtu farin frá mér?  
Flúðir þú mig snótin blíða?  
Ennþá hljóma í eyrum mínum  
orð þitt hvert, og röddin þýða.

Eins og þá um árdags stundu  
augum rennir ferðamaður,  
er hátt í bláum himingeimi  
hulinn, syngur fuglinn glaður:

Þannig horfi eg hræddur víða  
um hauður, skóg og velli græna.  
Á þig hrópa öll mín kvæði.  
Aftur komdu fljóðið væna!

—  
Hafkyrð.  
—

Dauðapögn ríkir í djúpi;  
í dvala er ölduleikur.  
Enga hrukku á unnar hjúpi  
eygir fiskimaður smeikur.

Hvergi blær sig bærir.  
Blýþung kyrð svo voða-hljóð.  
Alda engin hrærir  
hið ómælandi kalda flóð.

Bjarni.



## HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.  
Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

Gefin út af hinu Íslenska Únitaríska Kyrkjufelagi í Vesturheimi.

### ÚTGÁFUFREND:

G. Árnason, ritstjóri S. B. Brynjólfsson, ráðsmaður  
Hannes Pétursson, útsendingamaður.  
Jóh. Sigurðsson og G. J. Goodmundsson, meðnefndarmenn.

Bréf og annað innihaldi blaðsins viðvikjandi sendist til Guðm. Árnassonar, 577 Sher-  
brooke St. Peninga sendingar sendist til S. B. Brynjólfssonar, 378 Maryland str.

THE ANDERSON CO., PRINTERS